

Skólanámskrá og Starfsáætlun Dalvíkurskóla

2019-2020



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Saga og þróun skólahalds	5
Stefna skólans	5
Grunnþættir menntunar.....	6
Læsi.....	6
Sjálfbærni.....	6
Heilbrigði og velferð.....	7
Lýðræði og mannréttindi.....	7
Jafnrétti	8
Sköpun	8
Skólastefna Dalvíkurbyggðar	9
Áherslur í kennslu	9
Fjölbreyttar kennsluaðferðir	9
Byrjendalæsi	10
Snemmtæk íhlutun	10
Pals - lestraraðferðin	10
Orða af orði/Læsi til náms	11
Upplýsingatækni	11
Teymiskennsla	11
Grænfáninn	12
Umhverfissáttmáli Dalvíkurskóla	12
Uppbyggingarstefnan.....	13
Heimanám.....	13
Námsmat.....	14
Vinnuferli varðandi skimanir og samræmdar kannanir	15
Markmiðssetning námsgreina og kennsluáætlanir	15
Forvarnir	15
Forvarnaráætlun.....	15
Olweusaráætlun gegn einelti	15
Eineltisteymi	16
Fjölmennig	16
Fjölmenningarlegar áherslur skólans.....	16
Móttökuáætlun.....	16
Íslenska sem annað mál	17
Samstarf heimilis og skóla/foreldrasamstarf	17
Hlutverk foreldra í námi barna	18
Hlutverk nemenda í eigin námi	18
Skólareglur	18
Umgengnisreglur og skýr mörk.....	18
Æskileg hegðun nemenda	19
Óásættanleg hegðun nemanda.....	19
Lögbrot.....	19



Virðing	20
Öryggi	20
Ábyrgð	20
Ferli agamála	20
Mat á skólastarfi.....	21
Innra mat.....	21
Skólapúlsinn og nemendakannanir	22
Starfsmannakönnun.....	22
Foreldrakönnun	22
Umbætur	22
Samstarf við aðra skóla og nærsamfélagið	23
Leikskólar	23
Tónlistarskólinn á Tröllaskaga	23
Framhaldsskólar.....	23
Innlend og erlend samskipti.....	23
Samstarf við aðrar stofnanir	24
Stjórnskipulag Dalvíkurskóla	25
Starfsfólk og aðbúnaður	25
Opnunartími skrifstofu og skóla.....	25
Hagnýt símanúmer.....	25
Skóladagatal Dalvíkurskóla 2019 – 2020	26
Starfsfólk Dalvíkurskóla veturinn 2019 – 2020	26
Móttökuáætlun v/nýliða í starfi	27
Foreldrafélag.....	27
Skólaráð.....	28
Nemendaráð.....	28
Starfsreglur nemendaráðs Dalvíkurskóla.....	28
Námsnefnd	28
Helstu verkefni Dalvíkurskóla skólaárið 2019 – 2020.....	29
Stýrihópar skólaárið 2019 - 2020	30
Kennsluáætlanir	30
Valgreinar í 7. – 10. bekk	30
Félagsstarf nemenda	30
Frístund – lengri viðvera	31
Hefðir og venjur í Dalvíkurskóla	31
Útivistardagar	31
Jólafondurdagur	31
Góðverkadagur í Dalvíkurskóla.....	32
Spurningakeppni hjá nemendum í 7. – 10. bekk	32
Litlu jólin	32
Jólapóstur.....	32



Samstarf við Félag eldri borgara	32
Skólahreysti	32
Stóra og litla upplestrarkeppnin.....	32
Árshátíð	33
Myndatökur	33
Umhverfisdagur	33
Unicefhlaupið	33
Útskriftarferð 10. bekkjar og fjáröflun	33
Skólaslit	33
Stoðþjónusta	33
Stoðteymi Dalvíkurskóla	34
Leiðir skólans til að mæta nemendum með sérþarfir	34
Námsver	35
Sérfræðiþjónusta innan skólans	35
Sérkennarar	35
Iðjuþjálfari.....	36
Þroskaþjálfari	37
Náms- og starfsráðgjafi	37
Sérfræðiþjónusta utan skóla.....	38
Nemendaverndarráð.....	38
Skólahjúkrun.....	38
Skólaskoðun heilsugæslu skólaárið 2019 – 2020:	39
Skimun og bólusetningar	39
Fræðsla skólahjúkrunarfræðings 2019 – 2020:.....	40
Leyfi/veikindi	41
Heimsóknir nemenda úr öðrum skólum	41
Símenntunaráætlun kennara	41
Áhersluatriði starfsþróunar kennara skólaárið 2019 – 2020.....	41
Helstu áherslur og markmið í þróunarstarfi Dalvíkurskóla	42
Skólamatur.....	43
Áfallaáætlun Dalvíkurskóla	43
Rýmingaráætlun Dalvíkurskóla.....	43
Óveður – almannavarnir	43



Inngangur

Skólanámskráin er hluti af stefnu Dalvíkurskóla og gildir skólaárið 2019 – 2020 eins og hún er gefin út og kynnt á heimasíðu. Fyrstur er stefnumarkandi hluti skólanámskrárinnar en hann lýtur að skólastarfinu í heild, óháð einstökum námsgreinum. Því næst er Starfsáætlun Dalvíkurskóla, þar eru meðal annars kennsluáætlanir kennara í hverri námsgrein. Skólanámskrá og starfsáætlun Dalvíkurskóla er unnin af starfsfólki skólans. Í grunnskólalögum og Aðalnámskrá grunnskóla er ákvæði um að hverjum skóla beri að gera sér skólanámskrá og starfsáætlun.

Skólanámskrá er skrifleg, rökstudd lýsing á því sem gert er og gera á í skólanum og þarf að vera í sífelldri endurskoðun. Skólanámskráin byggir á grunnskólalögum nr. 91/2008 og Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Þar er sérstaklega horft til grunnþátta menntunar en þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Samvinna starfsfólks við gerð skólanámskrár er mjög mikilvægur liður í skólastarfinu. Skólanámskrá eykur líkur á því að samfella verði í öllu námi og þar með að skólastarf verði árangursríkara. Hún er grunnur að þróunarstarfi og mati á skólastarfi en einnig nauðsynlegt upplýsingarit fyrir alla þá er starfið í skólanum varðar.

Endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar fer fram í júní og sjá starfsmenn grunnskólans um hana. Starfsáætlunin og afmarkaðir hlutar skólanámskrár taka breytingum árlega og gæti sú vinna tengst að hluta til innra mati á skólastarfinu. Stefnt verður að því að endurskoðun verði að mestu lokið í júní ár hvert. Þá er skólanámskráin og starfsáætlunin send til fulltrúa skólaráðs, fræðsluyfirvalda og annarra er málið varðar til umsagnar og samþykktar.



Skólanámskrá

Saga og þróun skólahalds

Á árunum 1741-1743 ferðuðust Jón Þorláksson og Harboe um landið og könnuðu lestrar- og kristinfræðikunnáttu barna. Þau börn sem prófuð voru í Valla- og Tjarnarsókn fengu þá umsögn að vera flest læs og kunna fræðin vel. Frá 1790 var í gildi tilskipun sem kvað á um að börn skyldu hefja lestrarnám áður en þau yrðu fullra fimm ára. Kristindómsfræðsla skyldi hefjast við 10 ára aldur. Litlar upplýsingar eru til um kennslu frá þessum tíma. Upphaf umræðu um skólastarf hér í byggðarlaginu má rekja allt aftur til þjóðhátíðarársins 1874 en þá varð heilmikil vakning og umræða um „að leggja rækt við fræðslu uppvaxandi kynslóða“. Ekkert varð þó úr að stofnað yrði til skóla þá vegna harðindanna sem dundu á þjóðinni á þeim tíma. En farkennsla var víða farin af stað á þessum tíma og svo var einnig hér.

Með setningu fræðslulaga 1907 fer skólastarf í fastmótaðan farveg og skólahald á vegum sveitarfélaganna hefst. Fyrst var kennt á bæjum þar sem baðstofur voru þokkalega stórar en síðan færðist kennslan í stærri hús og félagsheimili. Á Árskógsströnd var lengi kennt í Norska húsinu á Árskógssandi og í Svarfaðardal var kennt á Grundinni frá 1913-1955. Á Dalvík var Frón, hús Bindindisfélagsins Fram, leigt til skólahalds til að byrja með en síðan keypt hús undir skólann árið 1919. Á árunum kringum 1920 var þéttbýlið á Dalvík mjög vaxandi og þörf fyrir betra skólahúsnæði brýnni með hverju ári. Fyrsti skólinn sem sérstaklega var byggður til síns brúks í byggðarlaginu er Dalvíkurskóli (gamli skóli) sem var reistur á árunum 1933-34. Árskógarskóli var tekinn í notkun 1938 og Húsabakkaskóli hóf starfsemi 1955. Ýmsar endurbætur voru gerðar og viðbyggingar reistar við skólana í tímans rás. Syðra skólahúsið á Húsabakka var tekið í notkun 1966. Í Árskógi var miðhúsið tekið í notkun 1967. Á Dalvík var fyrsti hluti nýja skólans tekinn í notkun 1982 en seinni áfangarnir 1990 og 1999.

Árið 2005 var skólahald á Húsabakka fært til Dalvíkur og Árskógarskóli og Dalvíkurskóli sameinaðir í Grunnskóla Dalvíkurbyggðar en áfram á tveimur starfsstöðvum. Árið 2012 var nýr skóli stofnaður í Árskógi og er hann starfræktur sem bæði grunn- og leikskóli upp í 7. bekk en eftir það fara nemendur í Dalvíkurskóla.

Stefna skólans

Samkvæmt 2. grein laga um grunnskóla er hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, meðal annars að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Stuðla skal að víðsýni hjá nemendum, veita tækifæri til að nýta sköpunarkraft, efla sjálfstæða hugsun og frumkvæði.

Stefna skólans er að koma til móts við þarfir allra nemenda og að allir nemendur fái nám við hæfi. Stefnan endurspeglar í einkunnarorðum skólans sem eru *Þekking og færni – Virðing og vellíðan*. Megináhersla er lögð á að nemandinn útskrifist úr grunnskóla sem sjálfstæður, hugrakkur, lífsglaður, jákvæður, fær og fróður einstaklingur. Skólinn leggur áherslu á að nemendur læri á sínum forsendum og að grunnþættir menntunar einkenni skólastarfið. Mikilvægt er að skapa góðar aðstæður fyrir nemendur og að námsumhverfið sé hvetjandi og styðji við allt nám. Unnið er að því að í skólanum ríki góður skólabragur og góður andi í kennslustundum. Virðing er forsenda þess að nemendum líði vel sem aftur er forsenda þess að nám fari fram í öruggum aðstæðum þar sem allir fá að njóta sín og beita þekkingu sinni og færni. Við lítum svo á að mistök séu leyfð og við nýtum þau til að læra af og gera betur í dag



en í gær. Stuðla skal að því að uppræta einelti um leið og það kemur upp og efla samskipti allra nemenda. Stefna skólans skal endurspeglast í starfs- og kennsluháttum og samstarf og samvinna kennara sem og alls starfsfólks er einn af hornsteinum skólastarfsins. Kennarar vinna í teyrum til að tryggja að nemendur vinni fjölbreytt verkefni á margvíslegan hátt til að ná markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og sem bestum árangri. Tryggja skal að starfsfólk skólans fái fræðslu og starfsþróun við hæfi til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og til þess að grunnþáttum menntunar sé haldið á lofti í öllu skólastarfi.

Grunnþættir menntunar

Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir sex grunnþætti menntunar sem eru lagðir til grundvallar starfsemi skólastiganna þriggja, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þeir eru: *læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun*. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Grunnþættirnir eiga að endurspeglar starfshætti, samskipti og skólabrag í stofnuninni.

Læsi

Með tímanum hafa hugmyndir manna um læsi breyst enda hefur fræðafólk í ýmsum greinum varpað á það ljósi með rannsóknum sínum. Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það eru ekki aðeins rannsóknir á læsi sem hafa breytt afstöðu fólks til þess heldur hefur stafræn tækni breytt því umhverfi þar sem ritun og lestur eiga sér stað. Markmiðið er að nemendur læri að leggja mat á miðlað efni en fái einnig þjálfun í að nota ýmsa miðla við efnisgerð og þekkiigarsköpun.

Í Dalvíkurskóla er unnið eftir Byrjendalæsi í 1. – 4. bekk. Frá haustinu 2012 hefur aðferðin Orð af orði verið ein af kennsluáðferðum í 4. – 10. bekk. Einnig hefur verið unnið að hluta til eftir aðferðinni Læsi til náms frá hausti 2013 sem leggur áherslu á lestur og ritun. Lestrarþjálfunaraðferðin PALS eða Þör læra saman hefur verið notuð í 1. – 6. bekk frá 2016. Dalvíkurbyggð hefur ákveðið að nýta sér læsisstefnuna *Læsi er lykillinn* sem er afrakstur þriggja ára þróunarvinnu skóla á Eyjafjarðarsvæðinu, Miðstöðvar skólaþróunar HA og fræðslusviðs Akureyrarbæjar. Stefnunni er ætlað að vera leiðbeinandi um læsiskennslu í leik- og grunnskólum. Læsissteymi Dalvíkurskóla tók þátt í gerð stefnunnar en hún var formlega birt í formi vefsíðu vorið 2017. Á síðunni er að finna fjölbreytt efni sem kennarar geta nýtt til að meta stöðu nemenda og skipuleggja kennslu, leiðbeiningar fyrir foreldra o.fl. Læsisstefnuna *Læsi er lykillinn* er hægt að nálgast [hér](#). Endurskoðun á læsisstefnu Dalvíkurskóla lauk vorið 2018 og var hún kynnt á haustdögum 2018. Læsisstefna Dalvíkurskóla er nánari útfærsla skólans á Aðalnámskrá grunnskóla og stefnunni Læsi er lykillinn. Öllum kennurum Dalvíkurskóla er ætlað að stuðla að öflugum læsi nemenda óháð námsgreinum. Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennslan og lestrarþjálfunin á öllum stigum grunnskólans að vera markviss og fjölbreytt. Skólinn leggur áherslu á að bregðast sem fyrst við ef vísbendingar koma fram um hindranir í vegi farsæls lestrarnáms. Læsisstefnu skólans má nálgast [hér](#).

Sjálfbærni

Um sjálfbærni segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera nemendum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Umhverfið og þar með náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Sjálfbær þróun getur ekki átt sér stað nema innan þeirra takmarka sem vistkerfi jarðar setja okkur. Þannig þurfa nemendur að virða og skilja náttúruna, bæði vegna sjálfgildis hennar og þeirrar þjónustu sem hún innir af hendi við mannfólkið. Í samfélagslegu tilliti snýst hugmyndafræðin líka um jöfnuð, innan kynslóðar og milli kynslóða. Að nemendur geri sér grein fyrir að velferð annarra er forsenda fyrir sjálfbærri þróun.



Í Dalvíkurskóla er unnið markvisst í umhverfismennt, til dæmis með gróðursetningu trjáplantna, sorpflokkun og ruslatínslu. Eitt af markmiðunum sem sett hafa verið er að hvetja starfsfólk, nemendur og foreldra til að draga úr mengun, spara orku og bæta heilsuna með því að ganga eða hjóla í skólann þegar því verður við komið í daglegu starfi. Skólinn flaggaði Grænfánanum í fyrsta skipti vorið 2012, í annað skipti vorið 2014 og í þriðja skipti vorið 2016. Dalvíkurskóli flaggaði Grænfánanum í fjórða skipti vorið 2018 og næsta úttekt verður vorið 2020. Þá stefnir Dalvíkurskóli á að flagga Grænfánanum í fimmta sinn.

Heilbrigði og velferð

Um heilbrigði og velferð segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það ræðst af flóknu samspili einstaklings, aðstæðna og umhverfis. Allt skólustarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla.

Í skólum þarf að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta þar sem að markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá mörgum hliðum. Nauðsynlegt er að hafa skólabrag sem byggður er upp á jákvæðni og samábyrgð allra sem vinna í skólasamfélaginu.

Heilsuvernd skólabarna sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta ýmist í hópi eða á einstaklingsgrunni. Byggt er á hugmyndafræðinni um **6-h** heilsunnar sem er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Áherslur fræðslunnar eru **hollusta – hvíld – hreyfing – hreinlæti – hamingja – hugrekki** og kynheilbrigði. Eftir fræðslu fá foreldrar sent bréf og gefst þeim þá kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu. Yfirlit yfir skólaheilsugæslu Dalvíkurbyggðar má sjá [hér](#).

Í Dalvíkurskóla er lögð áhersla á að nemendum líði sem best. Náms- og starfsráðgjafi kemur m.a. að þeirri vinnu, sérstaklega í unglíngadeild. Skólinn er Olweusarskóli þar sem bekkjarfundir eru haldnir í öllum bekkjum til að bæta bekkjaranda og sporna við einelti. Þrjú árgangar, 2., 6. og 9. bekkur, fá ART- þjálfun sem er markviss kennsla í 12 vikur í félagsfærni, sjálfstjórn og siðfræði. Þá er árshátíð skólans sem allir nemendur skólans taka þátt í á einn eða annan hátt stór þáttur í að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd nemenda.

Lýðræði og mannréttindi

Um lýðræði og mannréttindi segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðislegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni skólasamfélagsins. Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því að þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólanum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn. Virkt samband þarf að vera við grenndarsamfélagið svo sem samstarf við aðra skóla í sveitarfélaginu og íþróttá- og æskulýðsfélög.

Í Dalvíkurskóla er unnið eftir Uppbyggingarstefnunni sem gengur út á að kenna nemendum sjálfstjórn og að hver einstaklingur fái tækifæri til að bæta sig ef hann gerir mistök. Bekkjarfundir eru í öllum bekkjum þar sem nemendur þjálfast meðal annars í að standa fyrir máli sínu, ræða saman og finna lausnir á daglegum vandamálum. Þá hefur verið starfað eftir Fjölmenningarstefnu skóla í Dalvíkurbyggð síðan á vordögum 2012, stefnuna má nálgast [hér](#). Á undanförunum misserum hefur verið unnið að endurskoðun Fjölmenningar- og málstefnu sveitarfélagsins og munu þau plögg líta dagsins ljós innan skamms.



Jafnrétti

Um jafnrétti segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Á öllum skólástigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um vissa þætti t.d. aldur búsetu, fötlun, kyn, kynhneigð, litarhátt, lífsskoðanir, menningu, stétt, trúarbrögð o.fl. Fjalla á um hvernig þessir þættir og fleiri geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks.

Í Dalvíkurskóla er lögð áhersla á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Unnið er eftir *Stefnu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar um þjónustu nemenda með sérþarfir* og eins og áður hefur komið fram starfar skólinn einnig eftir [Fjölmennningarstefnu skóla í Dalvíkurbyggð](#). Stefnu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar um þjónustu nemenda með sérþarfir má nálgast [hér](#).

Dalvíkurskóli starfar samkvæmt [jafnréttisáætlun](#) á breiðum grundvelli, með það að leiðarljósi að í skólastarfinu sé nemendum og starfsfólki ekki mismunað á grundvelli kyns, aldurs, kynhneigðar, þjóðernisuppruna eða kynþáttar, trúar- og lífsskoðunar né fötlunar. Starf skólans grundvallast á jafnrétti allra nemenda og starfsfólks, sem er hornsteinn skólastarfsins.

Dalvíkurskóli er fjölmenningarlegur vinnustaður þar sem þó nokkur hluti nemendahópsins er af erlendu bergi brotinn. Einn starfsmaður af erlendum uppruna starfar við skólann. Lögð er áhersla á að mikilvægar upplýsingar sem skólinn sendir frá sér séu þýddar á pólsku og ensku. Einnig kappkostar skólinn að bjóða foreldrum túlkajónustu þegar þess er þörf.

Í skólastarfinu er þess gætt að nemendur og foreldrar hafi jöfn tækifæri til þátttöku óháð félagslegri og fjárhagslegri stöðu og er skólinn jafnan í virku samstarfi við Félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar þegar það á við. Reynt er að sjá til þess að þátttaka í félagsstarfi sé nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu eða í það minnsta að komið sé til móts við efnaminni fjölskyldur.

Jafnrétti í skólastarfi er meðal annars fólgið í því að nemendur hafi eitthvað um nám sitt að segja. Í Dalvíkurskóla er starfandi námsnefnd skipuð fulltrúum nemenda og kennurum á unglíngastigi, sem hefur það hlutverk að vera vettvangur fyrir nemendur til að hafa áhrif á nám og kennslu. Námsnefnd hittist einu sinni í mánuði og fer yfir það sem betur mætti fara.

Með jafnrétti er bæði átt við að í skólanum skuli allir nemendur hafa jöfn námstækifæri, enda er Dalvíkurskóli skóli án aðgreiningar sem hefur einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi. Skólinn uppfyllir þá skyldu sína að fræða nemendur um jafnréttismál á breiðum grundvelli, í því skyni að vekja nemendur til umhugsunar um misjafna stöðu og tækifæri ólíkra hópa í samfélaginu.

Sem dæmi um viðfangsefni tengd jafnrétti má nefna:

- Vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á yngsta stigi.
- Vinnu með aðgengi fatlaðra að vinnustöðum á miðstigi.
- Vinnu með klám- og kynlífsvæðingu nútímans á unglíngastigi.
- Sameiginlega áherslu á verkefni tengd áhugasviði hvers og eins nemanda á öllum stigum skólans.

Sköpun

Um sköpun segir í aðalnámskrá grunnskóla:

Nám á sér stað þegar nemandi vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna



og geta tengt það við raunverulegar aðstæður. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og að geta farið út fyrir mengi hins þekhta og þar með aukið þekkingu sína og leikni. Sköpun sem grunnþáttur skal stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi. Sköpun er grunnurinn að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess.

Í Dalvíkurskóla fléttast sköpun inn í allt nám nemenda. Fjölbreyttir kennsluhættir þar sem áhersla er lögð á hlutbundna vinnu, útinám og mismunandi útfærslur á verkefnaskilum hefur fest sig í sessi á síðustu árum. Sem dæmi má nefna að í námsáfanganum Sköpun sem er hluti af valgreinum á unglingsstigi er hugmyndaflugi og sköpunarkrafti nemenda gert hátt undir höfði. Nemendur velja sér verkefni sem þeir kynna sér frá sem flestum hliðum og kynna eftir eigin höfði í lokin. Þá er rík hefð fyrir söguaðferðarverkefnum hjá yngri deildum skólans þar sem nemendur eiga stóran þátt í að skapa verkefnið og vinna á lýðræðislegan hátt. Í kjölfar nýrrar aðalnámskrár hefur skólinn mótað sér skýrari stefnu um hvernig sköpun getur tengst inn í sem flestar námsgreinar og á öllum aldursstigum sem sést meðal annars í [markmiðssetningu námsgreina](#).

Skólastefna Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurskóli starfar lögum samkvæmt eftir grunnskólalögum nr. 91/2008 og aðalnámskrá grunnskóla frá 2011. Þá hefur Dalvíkurbyggð sett sér skólastefnu sem skólinn starfar eftir. [Skólastefna Dalvíkurbyggðar](#) var samþykkt í sveitarstjórn árið 2014 og lauk innleiðingunni vorið 2016.

Grunnskólinn er undirbúningur fyrir ófyrirsjáanlega framtíð. Áhersla er lögð á að efla og styrkja sjálfsþekkingu nemenda svo að þeir þroski með sér frumkvæði, áræðni og sköpunarkraft til að takast á við síbreytilegar aðstæður í veruleika framtíðarinnar.

Nemendur, starfsfólk og foreldrar eru ein liðsheild. Daglegur rekstur og samskipti þeirra skulu einkennast af lausnamiðaðri nálgun, virðingu fyrir hverjum einstaklingi, jákvæðni og metnaði til árangurs.

Áherslur í kennslu

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla gefur Mennta- og menningarmálaráðuneytið út viðmiðunarstundaskrá sem skólum er uppálagt að nálgast sem best. Svigrúm skóla frá henni felst aðallega í nýtingu val tíma en þeir er mismargir eftir aldri nemenda. Nemendur í 7. – 10. bekk nýta hluta kennslutíma í námsefni sem tengist þeirra áhugasviði. Viðmiðunarstundaskrá og áherslur Dalvíkurskóla er hægt að nálgast [hér](#).

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Í Dalvíkurskóla er lögð mikil áhersla á að beita sem fjölbreyttustum kennsluaðferðum í því skyni að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Starfsfólk skólans leggur metnað sinn í starfsþróun og fylgist vel með því sem er efst á baugi í kennslufræðum hverju sinni. Meðal þeirra aðferða sem skapað hafa sér sess í skólastarfinu á undanförunum árum má nefna þemanámsaðferðir ýmiss konar, söguaðferðina, útikennslu, spjaldtölvukennslu, samþættingu námsgreina, samkennslu árganga og fleira.

Á undanförunum árum hefur skólinn tekið þátt í mörgum þróunarverkefnum sem ýmist snúa að kennsluháttum eða uppeldislegum þáttum í skólastarfi. Áherslur skólans hafa m.a. snúið að því að bæta íslensku- og stærðfræðikennslu, námsárangur nemenda og fjölbreyttar kennsluaðferðir,



efla umhverfismennt og útikennslu. Dalvíkurskóli er einn af sex grunnskólum á Eyjarfjarðar-svæðin sem hlaut aftur sameiginlegan styrk úr Endurmenntunarsjóði Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir skólaárið 2019 – 2020 til að efla kennsluhætti í upplýsingatækni. Verkefnið heitir *Upplýsingatækni í skólastarfi*. Styrkveitingin er nýtt til að halda sameiginlegar mennta-búðir fyrir kennara.

Byrjendalæsi

Kennsla samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis hófst við skólann haustið 2009. Byrjendalæsi er samvirk kennsluáferð þar sem unnið er með merkingu málsins, málörvun, orðaforða og tæknilega þætti lestrarnámsins. Kennsluáferðin nær til allra þátta móðurmálsins en unnið er út frá gæðatextum barnabókmennta. Vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild í Byrjendalæsi. Sértekir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðavitund, réttiritun, orðaforði, setningauppygging, málfræði og skrift eru tengdir inn í ferlið. Aðferðin er notuð í 1.-4. bekk.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái sem fyrst góðum árangri í læsi á skólagöngu sinni. Aðferðin gerir ráð fyrir því að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið. Því er lögð áhersla á hópvinna um leið og einstaklingsþörfum er mætt.

Byrjendalæsi fellur mjög vel að einstaklingsmiðuðu námi en þar fá allir nemendur sömu innlögn og sama grunn en einstaklingarnir vinna hver eftir sinni getu. Að læra að hlusta og taka eftir, læra ný orð, muna söguþráð og geta sagt frá er stór þáttur í aðferðinni. Samvinna nemenda er mikil þar sem unnið er með ýmiss konar námsspil og hjálpar þá hver öðrum í námi og leik. Börnin þroska félagsfærni sína og lífsleikni með því að vinna saman og hjálpast að. Þau læra einnig reglur og tillitssemi. Skólaárið 2018 – 2019 fékk Dalvíkurskóli ásamt tveimur öðrum grunnskólum og tveimur leikskólum styrk til að efla kennslu í Byrjendalæsi og heitir verkefnið *Eflum Byrjendalæsið*. Haldnar voru fimm vinnusmiðjur til eflingar Byrendalæsi skólaárið 2018-2019 og tóku flestir umsjónarkennarar í 1.-6. bekk þátt í smiðjunum. Skólarnir sóttu um áframhaldandi styrk og fengu hann og verða því vinnusmiðjur með svipuðu fyrirkomulagi skólaárið 2019-2020.

Snemmtæk íhlutun

Veturinn 2014 – 2015 veitti Sprotasjóður eins árs styrk til Dalvíkurbyggðar til stuðnings þróunarverkefninu *Byrgjum brunninn*, snemmtæk íhlutun í lestri og stærðfræði. Nú er stuðst við þau vinnubrögð og meginmarkmið þess er að finna sem fyrst og bregðast við þeim börnum sem líkleg eru til að eiga í örðugleikum með lestur og stærðfræði sé ekkert að gert. Nú liggur fyrir áætlun um skimanir í lestri og stærðfræði á nemendum í 1. og 2. bekk ásamt ýmiss konar íhlutunarefni og hugmyndum að lotubundnu heimanámi. Í tengslum við þetta verkefni var farið af stað með fræðslufundaröð fyrir foreldra nemenda í 1. bekk Dalvíkurskóla og Árskógarskóla þar sem fjallað var um lestrarnám barna, stærðfræðinám barna og um Uppbyggingarstefnuna. Verkefnisstjóri sérkennslu á yngra stigi ásamt kennsluráðgjafa á fræðslusviði bera ábyrgð á verkferlum þessa verkefnis sem nú er orðið hluti af skólastarfinu.

Pals - lestraraðferðin

Skólaárið 2016 – 2017 innleiddi Dalvíkurskóli *Pals* eða Þör að læra saman sem er lestrar-þjálfunaraðferð (*Peer assistand learning strategies*). Þar lesa nemendur hver fyrir annan, leiðrétta og hrósa hver öðrum. Auk þess að lesa þurfa nemendur að velta fyrir sér innihaldi textans og segja um hvað þeir lásu (endursögn). Fyrir hverja lesna málsgrein fær nemendaparið stig og stig eru gefin fyrir endursögnina. Að auki geta nemendur fengið bónusstig frá kennara ef vel gengur. Þessi aðferð er notuð í 2. – 6. bekk.



Orða af orði/Læsi til náms

Skólaárið 2012 – 2013 hófst innleiðing á kennsluaðferðinni *Orð af orði* í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Hrafnagilsskóla. Síðan þá hafa kennarar bóklegra greina nýtt aðferðina í kennslu. Skólaárið 2013 – 2014 breyttist heiti aðferðarinnar í *Læsi til náms* og styður hún við kennsluaðferðirnar *Orð af orði* og *Byrjendalæsi* með áherslu á læsi og ritun.

Í *Læsi til náms* er áhersla lögð á öflugt málumhverfi, samvinnu og samræðu; að virkja forþekkingu nemenda; að nemendur geti rætt um það efni sem þeir fást við, inntak, hugtök og orð og geti tjáð sig með viðeigandi orðræðu og með því að nota viðeigandi lykilorðaforða.

Áhersla er lögð á að gefa góðan tíma í kennslu, að brjóta efnið vel til mergjar stig af stigi og að nemendur læri markvisst að rannsaka, skoða og sundurgreina, *að læra*; að þeir geti gert áætlanir um námsferli og geti nýtt sér fjölbreytilega námstækni. Áhersla er lögð á sýnikennslu og stuðning kennara við nám nemenda stig af stigi þar til nemendur hafa náð sjálfstæðum tókum á náminu. Áhersla er lögð á að nýta aðferðina í öllum bóklegum greinum og samþætta fög þegar við á.

Upplýsingatækni

Tölvur og tækni skipa sífellt stærri sess í lífi og starfi nemenda og er það hlutverk skólans að búa nemendur undir þátttöku í samfélagi og á vinnumarkaði sem mun í ríkum mæli mótast af möguleikum upplýsingatækninnar. Dalvíkurskóli hefur sett sér það markmið að stórauka áherslu á nám í upplýsingatækni og var sú stefna gerð árið 2013. Í henni kemur fram að aðgengi nemenda að tölvubúnaði verði bætt til muna á allra næstu árum. Tilraunaverkefni með spjaldtölvur fór af stað hjá 7. bekk árið 2013 og upplýsingatækni er nú á stundatöflum allra árganga í 1. – 6. bekk og í vali hjá eldri nemendum. Kennarar hafa sótt ýmis námskeið um notkun upplýsingatækni í skólastarfi og hafa flestir byrjað að nýta spjaldtölvur að einhverju leyti í kennslu. Hvert kennarateymi hefur eina til tvær spjaldtölvur til umráða og einnig eru nokkrar spjaldtölvur til útláns á bókasafninu til að nýta í kennslu. Á haustdögum 2015 var gerð stefnumörkun í spjaldtölvuvæðingu Dalvíkurskóla. Frá hausti 2018 hefur hvert teymi í 1.-6. bekk til umráða 8 nemendaspjaldtölvur auk þess sem hver umsjónarkennari hefur spjaldtölvu til umráða. Þá eru 24 spjaldtölvur til útlán á bókasafni skólans. Stefnan er endurskoðuð árlega, þar sem að mikil þróun er í málaflokknum.

Teymiskennsla

Aukin samvinna kennara hefur verið á stefnuskrá Dalvíkurskóla um árabíl. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að kennarar vinni í teyimum og skipuleggi kennslu í sameiningu, beri jafna ábyrgð á nemendahópum og deili með sér verkum. Teymin eru skipuð umsjónarkennurum, sérkennurum og stuðningsfulltrúum, eftir því sem þarfir nemendahópanna gefa tilefni til. Kennarar deila umsjón með 1. og 2. bekk, annað teymi hefur umsjón með 3. og 4. bekk, þriðja teymið sér um 5. og 6. bekk, fjórða teymið annast umsjón með 7. og 8. bekk og 9. og 10. bekkur mynda eitt teymi. Þá mynda íþróttakennarar eitt teymi og verkgreinakennarar annað. Teymin funda einu sinni í viku en þar fyrir utan eru teymin með samráðstíma. Markmið með teymiskennslu er m.a. að:

- Auka gæði kennslunnar og koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, m.a. með fjölbreyttum kennsluháttum.
- Rjúfa einangrun kennara og annarra starfsmanna og skapa þeim aukin tækifæri til samvinnu.
- Koma á lærdómssamfélagi sem byggir á sameiginlegri ígrundun starfsfólks í daglegu starfi, þannig er fagvitund og starfsþróun efl.
- Nemendur tengjast fleiri kennurum.
- Efla félags- og samvinnufærni nemenda.
- Félagahópur nemenda verður fjölbreyttari.



Teymisvinnan felst m.a. í að velja kennsluaðferðir, vinna kennsluáætlanir, undirbúa kennslu, skipta með sér verkefnum og ábyrgð á kennslu. Einnig felst í teymisvinnunni að leysa vandamál sem koma upp í kennslu, skipuleggja sérkennslu, samþættingu námsgreina, miðla upplýsingum, ákveða og skipuleggja samráðstíma. Auk þess vinna teymin að námsmati, meta eigin störf s.s. árangur kennslunnar og kennsluaðferða.

Teymiskennsla felur í sér ýmis tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta, t.d. að samkenna árgöngum. Samkennsla hefur í för með sér talsverðan ávinning fyrir nemendur. Nemendur fá aukin tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum auk þess sem rannsóknir sýna að félagsfærni þeirra eykst og eflist í samskiptum við eldri og yngri nemendur. Nemendum unglingsáætlun er kennt í aldursblönduðum hópum tvisvar sinnum í viku í klukkutíma í senn í svokölluðum smiðjutímum, en þar gefst nemendum kostur á að velja á milli ólíkra verkefna sem standa í 6 vikur hvert. Einnig er aldursblöndun í sköpunartíma sem er vikulega í 60 mínútur þar sem nemendur velja sér saman viðfangsefni til að kafa dýpra í.

Grænfáninn

Dalvíkurskóli er Grænfánaskóli en *Grænfáninn* er alþjóðlegt verkefni. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismenntun og að skólinn setji sér umhverfisstefnu. Hér á landi hefur [Landvernd](#) yfirumsjón með verkefninu. Til að geta flaggað Grænfánanum þarf skólinn að fylgja aðgerðaáætlun um bættu umhverfisstjórnun sem sett er fram í sjö skrefum. Umhverfisnefnd, sem metur stöðu umhverfismála, gerir áætlun um aðgerðir og markmið og sinnir eftirliti og endurmati, er starfandi við skólann. Hún er skipuð nemendum úr öllum bekkjum skólans, kennara sem heldur utan um vinnuna og fulltrúa foreldra. Nemendur fá markvisst umhverfisnám á hverju skólaári og taka þátt í umhverfisþema árlega. Dæmi um verkefni er orka og orkusparnaður, vatn, flokkun úrgangs og að minnka rusl. Umhverfissáttmáli skólans er unninn á hverju ári af nemendum og starfsmönnum. Þegar markmiðum umhverfissáttmálans er náð telst skólinn Grænfánaskóli og fær formlegt leyfi Landverndar til að flagga Grænfánanum. Fjölmargir skólar á Íslandi og Evrópu flagga Grænfánanum sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum. Dalvíkurskóli tók við Grænfánanum í fyrsta skipti vorið 2012 og flaggar nú Grænfánanum í fjórða sinn frá vorinu 2018. Til að halda Grænfánanum þarf skólinn að halda áfram að vinna að umhverfismálum og umhverfismenntun. Næsta úttekt Landverndar verður vorið 2020.

Umhverfissáttmáli Dalvíkurskóla

Umhverfissáttmáli Dalvíkurskóla er lagið „*Ekki menga*“ sem fjórir nemendur sömdu skólaárið 2015 – 2016. En auk þess er hliðarsáttmáli sem unnið er eftir. Endurskoðun á umhverfissáttmála verður á skólaárinu 2019 – 2020 í tengslum við flöggun Grænfánans í maí 2020.

- Bæta flokkun úrgangs, auka endurnýtingu og minnka sorp sem fer frá skólanum
- Spara vatn, rafmagn og pappír
- Hvetja til þess að sem flestir gangi/hjóli í skólann
- Efla umhverfisvitund og fræðslu um umhverfismál og sjálfbærni í öllu skólasamfélaginu
- Virkja nemendur til að taka lýðræðislegar ákvarðanir og leysa sjálfir úr vandamálum
- Halda áfram með bekkjarfundi og nýta þá til að efla samfélagskennd
- Stuðla að því að skólalóðin hvetji til útivistar og hreyfingar
- Efla útivist og útikennslu og tengja við sem flestar námsgreinar
- Auka samstarf við félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og áhugamenn um umhverfismennt og útivist



Uppbyggingarstefnan

Frá haustinu 2011 hefur starfsfólk grunnskólans unnið eftir aðferð sem gengur út á að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga. Unnið er eftir *Uppbyggingarstefnunni*, sem einnig er kölluð Uppeldi til ábyrgðar, í öllum skólum sveitarfélagsins. Markmiðið er að skólastarf gangi betur með því að allir tileinki sér að hver og einn geti aðeins stjórnað sjálfum sér en ekki öðrum. Í stað þess að stjórna með refsingu og sektarkennd fá nemendur tækifæri og þjálfun í að líta inn á við, skoða eigið gildismat og láta það stýra framkomu sinni og allri hegðun. Áhersla er á virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Til að tryggja öryggi eru skýr mörk skilgreind um óásættanlega hegðun í [skólareglum](#). Viðurlög eru ákveðin með víðtæku samþykki kennara og foreldra. Þá þarf enginn að vera í vafa um viðbrögð skólans þegar skýru mörkin eru rofin. Þeim brotlega er snarlega og af festu vikið af vettvangi án umræðu. Honum gefst síðar tækifæri til að fara yfir málið og læra af mistökunum, vinna sér traust hópsins sem hann braut gegn og efla með því sjálfstraust sitt í samskiptum.

Einn þáttur í Uppbyggingarstefnunni er að starfsfólk skólans geri með sér sáttmála um viðhorf og gildi í störfum sínum sem byggir á virðingu, sameiginlegri sýn og jákvæðni.

Starfsmannasáttmáli Dalvíkurskóla

- ✓ Við viljum vera heiðarleg, sýna virðingu og umhyggju
- ✓ Tala um hlutina á réttum stöðum
- ✓ Hlusta á aðra, vanda tal og gjörðir
- ✓ Við viljum vera jákvæð og hugsa í lausnum
- ✓ Við viljum vera fagleg og gagnrýnin á uppbyggilegan hátt
- ✓ Við viljum sýna samábyrgð og vera samstíga í skólastarfinu
- ✓ Við viljum vera glöð og ánægð í starfi
- ✓ Við viljum vinna gegn neikvæðni og fordómum

Heimanám

[Heimanámsstefna Dalvíkurskóla](#) var unnin árið 2016 og endurskoðuð skólaárið 2017 – 18. Markmið stefnunnar er að skilgreina hlutverk og tilgang heimanáms, hve mikið æskilegt er að nemendur vinni heima og hve langan tíma það taki. Mikilvægt er að hafa í huga að heimanám er samstarfsverkefni heimilis og skóla og foreldrar og nemendur geta ávallt fengið meira heimanám en stefnan segir til um og eins minna ef svo ber undir. Auk heimanáms sem tilgreint er í stefnunni geta kennarar sent tilfallandi verkefni heim til þjálfunar og undirbúnings.

Í 5. grein reglugerðar um um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum stendur: *Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur.*

Markmið heimanáms

- Að heimanám sé samstarfsverkefni heimilis og skóla
- Að efla lestrarfærni og lesskilning nemenda.
- Að efla nemandann sem námsmann, dýpka skilning hans og auka hæfni.
- Að hluti heimanáms tengist sköpunarverkefnum og áhugamálum nemandans.



Auk heimalestrar og sköpunarverkefna býðst foreldrum og nemendum að velja annað heimanám í samráði við kennara. Á heimasíðu skólans má finna upplýsingar um ítarefni sem nemendur og foreldrar geta nýtt sér til frekari þjálfunar.

Með lestri og lestrartengdum verkefnum er átt við yndislestur og lestur námsefnis ásamt verkefnum því tengdu.

Nánari útfærslu og upplýsingar um heimanám má finna í kennsluáætlunum.

1. og 2. bekkur

Lestur og lestrartengd verkefni og eitt sköpunarverkefni á önn. Ítarefni og annað heimanám í samráði við heimili.

3. og 4. bekkur

Lestur og lestrartengd verkefni og eitt sköpunarverkefni á önn. Ítarefni og annað heimanám í samráði við heimili.

5. og 6. bekkur

Lestur og lestrartengd verkefni og eitt sköpunarverkefni á önn. Auk þess er hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við nemendur, foreldra og kennara. Á stundaskrá nemenda í 5. – 6. bekk eru fjórar hálf tíma vinnustundir á viku, þar sem nemendur hafa tækifæri til að vinna í verkefnum og heimanámi.

7. og 8. bekkur

Lestur lestrartengd verkefni og að minnsta kosti eitt stærra verkefni á önn (ritgerðir og sköpunarverkefni). Auk þess er hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við nemendur, foreldra og kennara. Á stundaskrá nemenda í 7. – 8. bekk eru fjórar hálf tíma vinnustundir á viku, þar sem nemendur hafa tækifæri til að vinna í verkefnum og heimanámi.

9. og 10. bekkur

Lestur, lestrartengd verkefni og að minnsta kosti eitt stærra verkefni á önn (ritgerðir og sköpunarverkefni). Auk þess er hluti af heimanámi að nemandi vinni að því að ná námsmarkmiðum sínum. Ítarefni og annað heimanám í samráði við nemendur, foreldra og kennara. Á stundaskrá nemenda í 9. – 10. bekk eru þrjár hálf tíma vinnustundir á viku, þar sem nemendur hafa tækifæri á að vinna í verkefnum og heimanámi.

Námsmat

Í lögum um grunnskóla segir að námsmat sé mat á árangri og framförum nemenda og reglubundinn þáttur í skólalífinu. Tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná námsmarkmiðum sínum. Námsmat á að veita nemendum, foreldrum, forráðamönnum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms. Samkvæmt námsmatsáætlun skólans fer formlegt námsmat heim tvisvar yfir skólaárið, við lok haustannar og vorannar. Samráðsfundir með foreldrum, þar sem farið er yfir námsframvindu og markmið sett í námi, eru í október og febrúar. Samkvæmt námsmatsáætlun eru upplýsingar um einstök verkefni, kaflapróf og námsþætti sendar heim um leið og þær liggja fyrir. Engin próf gilda meira en 50% af lokaeinkunn. Auk formlegs mats á námi barna er lykilhæfni nemenda metin yfir veturinn og upplýsingar sendar heim að vori. Lykilhæfni byggir á fimm matsþáttum; **ábyrgð og mat á eigin námi, sjálfstæði og samvinnu, nýting miðla og upplýsinga, skapandi og gagnrýnni hugsun og tjáningu og miðlun**. Kennarar velja verkefni sem höfð eru til hliðsjónar þegar lykilhæfni er metin.



Námsmat er unnið í upplýsingakerfinu Mentor og vitnisburðarblöð prentuð út úr kerfinu tvisvar á skólaárinu. [Námsmatsáætlun Dalvíkurskóla](#).

Vinnuferli varðandi skimanir og samræmdar kannanir

Unnið er með skimanir og niðurstöður samræmdra kannana í 4., 7. og 9. bekk þegar þær berast skólanum. Deildarstjórar, sérkennarar og viðkomandi umsjónarkennarar fara saman yfir niðurstöður, skoða veikleika og styrkleika og gera áætlanir um úrbætur þar sem við á. Vinnuferil og verklýsingu er hægt að sjá [hér](#).

Markmiðssetning námsgreina og kennsluáætlanir

Markmiðssetning námsgreina er unnin út frá aðalnámskrá. Henni er ætlað að vera leiðarljós og leiðbeining fyrir kennara, nemendur og foreldra um námsfyrirkomulag í viðkomandi árgangi. Markmiðssetning námsgreina skal gefa sem gleggsta mynd af námsmarkmiðum sem stefnt er að í námi. Kennarar hafa nokkurt frelsi til að beita fjölbreyttum kennsluáðferðum og kennsluháttum til að nemendur nái þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá kveður á um. Markmiðssetningu námsgreina og kennsluáætlanir má finna í tenglulm hér að neðan.

- [1. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [2. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [3. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [4. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [5. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [6. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [7. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [8. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [9. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)
- [10. bekkur – Markmiðssetning námsgreina](#)

Forvarnir

Skólinn leggur áherslu á að allir nemendur þroskist á eðlilegan hátt við bestu aðstæður í öruggu umhverfi þar sem heilbrigði, virðing og vellíðan er í öndvegi. Mikilvægt er að skólinn skapi aðstæður þar sem nemendum líður vel, þeir geti eftt sjálfsmynd sína og þor til að takast á við aðstæður og hafni einelti og vímuegðum. Huga skal að líkamlegri og andlegri heilsu nemenda með öflugri líkamsþjálfun og Hugarfrelsi sem kennarar skólans hafa margir tileinkað sér.

Forvarnaráætlun

Markmið forvarna er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum, jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn, góðri líðan nemenda og að vinna gegn óæskilegri hegðun. Tilgangurinn er að byggja upp sjálfstæða einstaklinga, hvetja til hollra lífshátta og tólmstunda og skapa þær aðstæður að öllum líði vel við starf og leik. Hægt er að nálgast forvarnaráætlun Dalvíkurskóla [hér](#).

Olweusaráætlun gegn einelti

Dalvíkurskóli hóf þátttöku í Olweusarverkefninu haustið 2003 og hefur síðan þá unnið eftir Olweusaráætluninni gegn einelti. Áætlunin hefur það að markmiði að greina einelti og sporna gegn því. Eineltisáætlun Olweusar byggir á því að allir starfsmenn skólans séu þátttakendur í ferlinu. Tekin er umræða um einelti á starfsmannafundum þar sem að starfsmenn ræða eftirlitskerfi skólans. Bekkjárfundir eru haldnir reglulega þar sem rætt er m.a. um einelti, líðan og hegðan nemenda. Bekkjárfundir eru opnir umræðufundir þar sem ákveðin málefni eru rædd. Kennari leggur fram spurningar tengdar umræðuefni sem liggur fyrir hverju sinni. Spurningarnar hvetja til umræðna, sjálfskoðunar, skoðanaskipta og lausnaleitar. Umræðuefni á



Þekkingarfundum geta verið margvísleg en misjafnt er hvort kennari kys að hafa umræðuefni opið eða fyrirfram ákveðið. Þekkingarfundir geta einnig verið vettvangur til þess að leysa deilumál sem upp koma milli nemenda. Þeir eiga að auka víðsýni og efla sjálfsþekkingu nemenda. Á hverju ári er eineltiskönnun lögð fyrir í skólanum. Könnun og niðurstöður eru unnar af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu af þeim sem sjá um Olweusaráætlunina. Niðurstöður könnunarinnar eru nýttar til að gera úrbætur þar sem þörf er á í skólaumhverfinu (sjá nánar www.olweus.is).

Eineltisteymi

Við Dalvíkurskóla er starfandi eineltisteymi sem fundar hálfsmánaðarlega og tekur fyrir mál sem snúa að einelti í skólanum. Fimm starfsmenn sitja í eineltisteyminu, frá yngra stigi, eldra stigi, stjórnandi, náms- og starfsráðgjafi og iðjubjálfi. Eineltisteymið sér um fræðslu til nemenda, starfsfólks og foreldra og vinnur eftir Eineltisáætlun Dalvíkurskóla sem má nálgast [hér](#).

Fjölmening

Síðustu ár hafa samfélagsbreytingar í átt til aukins menningar- og trúarlegs fjölbreytileika haft áhrif á skólastarf á Íslandi. Í Dalvíkurbyggð eru nemendur af erlendum uppruna í kringum 15% í Dalvíkurskóla og um 30% í leikskólum sveitarfélagsins árið 2019 og því nauðsynlegt að skólarnir bregðist við og aðlagi aðferðir sínar að breyttum nemendahópi. Meginviðfangsefni grunnskólans í málefnum nemenda af erlendum uppruna er kennsla í íslensku sem öðru tungumáli. Þetta er undirstrikað í aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að markmið kennslunnar feli m.a. í sér að íslenska sem annað mál sé lykillinn að íslensku skólastarfi og íslensku samfélagi. Lögð er rík áhersla á að „íslenska sem annað mál sé meira en tungumálakennsla því saman fara markmið þar sem m.a. er leitast við að þjálfa nemendur í íslensku máli og menningarfærni, örva námsgetu, námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans“. Starfsfólk skóla skal vera meðvitað um mikilvægi þess að þjálfa íslensku þessara nemenda í fjölbreyttum aðstæðum skólastarfsins sem og öllum námsgreinum. Jafnframt er mikilvægt að sýna menningu allra nemenda skólans og foreldra þeirra áhuga og auka virðingu fyrir fjölbreyttum siðum og hefðum.

Fjölmennningarlegar áherslur skólans

Í skólanum er bæði þjóðmenningu og heimamenningu allra nemenda sýnd virðing, áhugi og víðsýni. Hlúa skal að fjölbreyttri menningu innan skólans með öllum ráðum.

Áhersla er lögð á gagnkvæma aðlögun, þ.e. að skólasamfélagið aðlagist þörfum nemenda sem og að nemendur aðlagist skólasamfélaginu. Starfsfólk skólans skal vinna markvisst að því að uppræta fordóma til að skapa sem jákvæðust námsskilyrði fyrir alla nemendur. Í skólanum er lögð áhersla á kennsluáferðir sem styðja við fjölmennningarlega kennslu og auka möguleika á að blandaðir hópar nemenda geti unnið saman að verkefnum þrátt fyrir mismikinn grunn í íslensku. Sýna ber móðurmáli allra nemenda skólans áhuga og virðingu. Ef þess gefst kostur skal styðja við móðurmálskennslu nemenda með íslensku sem annað mál enda styður góð þekking á móðurmáli við nám í nýju tungumáli og eflir málvitund almennt.

Móttökuáætlun

Nemendur af erlendum uppruna eru ólíkir og með misjafnar þarfir. Sumir eru fæddir á Íslandi, læra íslensku samhliða móðurmálinu frá upphafi og hafa strax sterkan grunn í íslensku. Einhverjir hefja skólagöngu sína í leikskóla hérlendis þar sem nám í íslensku sem öðru máli hefst snemma og margir þeirra ná góðum tókum á málinu. Aðrir flytja til landsins á



grunnskólaaldri og hafa því lítinn eða jafnvel engan grunn í íslensku þegar nám í íslenskum grunnskóla hefst.

Þegar nemandi af erlendum uppruna byrjar í grunnskóla skal fylgja leiðbeiningum í [Handbók um móttöku nýrra nemenda sem koma erlendis frá í Dalvíkurskóla](#), ef nemandinn er að koma erlendis frá. Í öðrum tilfellum er farið eftir almennri móttökuáætlun skólans nema stjórnendur telji þörf á öðru.

Íslenska sem annað mál

Í upphafi skólagöngu skal færni nemandans metin. Nemandi af erlendum uppruna með góðan grunn í íslensku fylgir almennum bekkjarviðmiðum í námsgreininni íslensku. Nemandi sem hefur ekki góðan grunn í íslensku við upphafi skólagöngu sinnar héraðs skal fylgja markmiðum aðalnámskrár í íslensku sem öðru máli.

Nemandi sem lærir íslensku sem annað mál samkvæmt markmiðum aðalnámskrár skal fá jafnmarga tíma í greininni og bekkjarfélagar fá í íslensku, þ.e. í beinu tungumálanámi í greininni. Kennslan getur farið fram inni í bekk og í sértímum (að lágmarki 120 mín. á viku) með áherslu á mælt mál, hlustun og úrvinnslu upplýsinga. Í öðrum námsgreinum skal hugað vel að þætti íslenskunnar í kennslunni. Æskilegt er að stuðningur við námsgreinar sé hluti af íslensku sem öðru máli.

Lykilatriði í íslenskunáminu er að nota tungumálið og lögð er áhersla á að það sé gert í öllu skólastarfi. Ekki er farsælt að læra tungumálið eingöngu í skólastofunni en nota það lítið þess utan. Starfsfólk skóla skal því beita sér eins og kostur er fyrir félagslegri aðlögun allra nemenda og að þeir sem læra íslensku sem annað mál fái tækifæri til að vera virkir þátttakendur í íslensku samfélagi á við aðra nemendur. Slíkt er besta veganestið í íslenskunáminu ([Sjá Fjölmenningsstefnu skóla í Dalvíkurbyggð](#)).

Samstarf heimilis og skóla/foreldrasamstarf

Gott foreldrasamstarf er lykilatriði í skólagöngu allra nemenda. Dalvíkurskóli leggur áherslu á að eiga gott samstarf við foreldra. Fastir liðir í samstarfi þessara aðila eru fundir með foreldrum allra bekkja að hausti, vikuleg fréttabréf, samráðsfundir foreldra, nemenda og kennara um mánaðarmótin september október og við lok vetrarannar auk ýmissa uppákoma í bekkjunum. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann til að fylgjast með sínu barni en gott væri ef kennari vissi það með smá fyrirvara. Umsjónarkennarar leitast við að eiga sem best samskipti við foreldra og nýta til þess tölvupóst, Námfús, síma og/eða hitta þá og ræða um námsframvindu og líðan barnsins. Allir umsjónarkennarar senda vikulega heim fréttabréf með fréttum af skólastarfinu og nokkrir hafa stofnað sérstakar fésbókarsíður bekkja þar sem þeir setja inn myndir og nánari fréttir af viðfangsefnum í skólanum. Upplýsingar um skólastarf eru settar inn á heima- og fésbókarsíðu skólans auk fésbókarsíðna allra árganga.

Skólinn leggur áherslu á gott upplýsingaflæði til foreldra barna af erlendum uppruna því ekki er sjálfsagt að þeir þekki uppbyggingu íslensks skólakerfis, siði og venjur því tengdu. Skólinn stuðlar að því að upplýsingar berist til foreldra með þýðingum á orðsendingum og skilaboðum og boðið er upp á túlkaþjónustu í viðtölum.



Hlutverk foreldra í námi barna

Starfsfólk grunnskóla, nemendur og foreldrar skulu í sameiningu leggja áherslu á að viðhalda jákvæðum skólabrag og góðum starfsanda í skólanum. Mikilvægt er að foreldrar hafi samráð við skólann um skólastarfið og styðji við það á fjölbreyttan hátt. Það geta þeir gert með því að:

- Taka virkan þátt í námi barna sinna og eiga virk samskipti við umsjónarkennara þeirra
- Stuðla að góðum samskiptum við skólafélaga og starfsfólk skólans
- Stuðla að heilbrigðum lífsstíl barna sinna
- Taka þátt í viðburðum á vegum skólans
- Aðstoða við heimanám barna sinna
- Vinna að lausnum mála er varða börn þeirra í samráði við skóla og sérfræðiþjónustu

Hlutverk nemenda í eigin námi

Skólastarfið skal miða að því að stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun og samskiptum. Það geta þeir gert með því að:

- Mæta stundvíslega í kennslustundir og vera virkir í námi sínu
- Taka ábyrgð á eigin námi og hegðun
- Tileinka sér framkomu í anda uppbyggingarstefnunnar
- Eiga jákvæð samskipti við skólafélaga og starfsmenn skólans
- Láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varða
- Hlíta fyrir mælum starfsfólks skólans
- Fara eftir skólareglum og almennum umgengnisreglum

Skólareglur

Grunnskólum er gert að setja sér skólareglur. Skólastjóri hefur forgöngu um og ber ábyrgð á að skólareglur séu settar og þeim fylgt. [Skólareglurnar](#) eiga að vera unnar í samvinnu við skólaráð. Leitast er að ná sem víðtækastri sátt um þær í skólasamfélaginu. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum þeirra.

Nemandi:

- Mætir á réttum tíma í kennslustundir.
- Sinnir námi sínu af áhuga og metnaði.
- Hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gerðum.
- Virðir eigin skólans og annarra.
- Hlýðir fyrir mælum starfsfólks.
- Er virkur og ábyrgur í námi og starfi.
- Skapar og virðir góðan vinnufrið.

Umgengnisreglur og skýr mörk

Uppbyggingarstefnan byggir á kenningum um hæfni einstaklings til sjálfstjórnar, hæfni hans til að tengja saman persónuleg lífsgildi og þann veruleika sem hann býr við. Hún kennir sjálfsstjórn og sjálfsaga og eflir hæfni til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Lögð er áhersla á að byggja einstaklinginn upp, að hann þekki þarfir sínar og uppfylli þær án þess að meiða aðra.



[Umgengnisreglur og skýr mörk Dalvíkurskóla](#) eru byggðar á reglugerð nr. 1040/2011 um skólareglur í grunnskóla sem eiga að stuðla að sem bestum starfsanda og skólabrag. Samskipti starfsfólks, nemenda og foreldra skulu einkennast af virðingu, kurteisi, tillitssemi og samábyrgð allra sem eru í skólasamfélaginu. Starfsfólki Dalvíkurskóla ber að skipta sér af óásættanlegri hegðun og framkomu. Jákvæð og uppbyggileg samskipti eru leiðarljós Dalvíkurskóla.

Komi til brottvísunar úr skóla eiga foreldrar og nemandi rétt á andmælum [skv. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993](#).

Samskipta- og umgengnisreglur skólans grundvallast á leiðarljósi Dalvíkurskóla en einnig á hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar sem kennd er við Diane Gossen og verkefni Olweusar gegn einelti.

Reglur þessar eru hluti af stefnu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar í samskiptum. Þær gilda í öllu starfi Dalvíkurskóla.

Æskileg hegðun nemenda

Eftirfarandi lýsing á við um hegðun langflesttra nemenda Dalvíkurskóla

Nemandi:

- Hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gerðum.
- Sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitssemi.
- Leysir úr vandamálum af skynsemi og án ofbeldis.
- Virðir eigin skólans og annarra.
- Hlýðir fyrirmælum starfsfólks.
- Er virkur og ábyrgur í námi og starfi.
- Mætir á réttum tíma í kennslustund.

Óásættanleg hegðun nemanda

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin milli æskilegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun.

Við sættum okkur ekki við að nemandi:

- Eyðileggi, hindri eða trufla skólastarf, vinnu nemenda eða starfsfólks.
- Hlýði ekki vinsamlegum ábendingum.
- Gangi í eigin annarra, skemmi eða steli.
- Valdi öðrum kvíða og óöryggi.
- Leggi aðra í einelti.
- Ógni öryggi annarra í skólanum.
- Renni sér á handriðum eða hendi einhverju milli hæða.
- Taki upp hljóð- eða myndbönd á hverskonar rafeindatæki án leyfis.

Lögbrot

Við líðum ekki lögbrot eins og:

- Ofbeldi.
- Að nemendur hafi á sér, neyti eða séu undir áhrifum vímuefna.
- Að nemendur hafi á sér eða neyti tóbaks og munntóbaks.
- Að nemendur séu með eða beiti bareflum, eggvopnum, skoteldum eða eldfærum.
- Þjófnað eða skemmdarverk.



Virðing

- Nemendur gangi frá útifötum á viðeigandi staði.
- Nemendum ber að sýna kurteisi og tillitssemi þegar þeir ganga um skólahúsnæðið og í öllum ferðum á vegum skólans.
- Nemendur taki ofan í matsal/hátíðarsal.
- Nemendur eiga að neyta hádegismatar í matsal skólans.
- Nemendur í 8. – 10. bekk sem eru með hádegisnesti neyti þess í matsal skólans
- Nemendur virði tímamörk og reglur á fótboltavelli.

Öryggi

- Nemendur í 1. – 6. bekk eiga að vera í skólabyggingunni eða á skólalóð á skólatíma.
- Nemendur 7. – 10. bekkjar þurfa að fá leyfi á skrifstofu skólans eða hjá kennara ef þeir þurfa að fara af skólalóð á skólatíma. Nemendum í þessum bekkjum er þó heimilt að yfirgefa skólalóð í hádegishléi.
- Nemendur 1. bekkjar mega fara milli heimilis og skóla á hjólum í fylgd með fullorðnum.
- Starfsfólk tilkynni forráðamönnum ef nemandi kemur hjálmlaus í skólann.
- Nemendum er óheimilt að nota reiðhjól, hjólabretti, hlaupahjól, línu- og hjólaskauta og hjólaskó á skólalóðinni. Þó er nemendum leyfilegt að fara á ofantöldu í íþróttamiðstöð og tónlistarskólann í fyrstu og síðustu kennslustund. Nemendur eiga að bíða eftir skólabíl við aðalinngang skólans.
- Nemendur spennu öryggisbelti í skólabíl og sýni bílstjóra fyllstu kurteisi.

Ábyrgð

- Nemendur bera ábyrgð á því að sími trufla ekki kennslustund.
- Nemendur sýna ábyrga hegðun á notkun og meðferð gsm síma.
- Nemendur taka einungis upp hljóð, myndir eða myndbönd með leyfi frá viðkomandi og gæti fyllsta velsæmis.
- Nemendur noti gsm síma og hljóðpotta (I-pod) í kennslustundum með leyfi kennara.
- Nemendur bera sjálfir ábyrgð á öllum tækjum í persónulegri eigu.
- Nemendur 1. – 6. bekkjar er óheimilt að vera með gsm síma í skólanum, nema með leyfi starfsmanns.
- Nemendur komi með hollt nesti í skólann.
- Nemendum er einungis heimilt að neyta sælgætis eða kolsýrðra drykkja í skólanum við sérstök tækifæri.

Ferli agamála

Brot á umgengnisreglum og óásættanleg hegðun.

1. Kennari hvetur nemanda til að bæta sig samkvæmt aðferðum Uppbyggingarstefnunnar.
2. Kennari hefur samband við foreldra og hvetur þá til að aðstoða nemandann til að bæta sig. Samskiptin eru skráð í Námfús.
3. Umsjónarkennari skráir og kortleggur málið, leitar frekari upplýsinga og óskar eftir aðstoð stöðteymis.
4. Við ítrekuð eða alvarleg brot heldur skólastjórnandi formlegan fund með forráðamönnum, nemanda og umsjónarkennara þar sem hvatt er til umbóta og gerð er uppbyggingaráætlun. Fundargerð er skráð og fundarmenn samþykkja með undirskrift.



5. Skólastjórnandi leggur málið fyrir nemendaverndarráð til kynningar og umfjöllunar.
6. Nemendaverndarráð leggur til úrbætur í samráði við foreldra.
7. Máli vísað til barnaverndar.

Leysist mál ekki á fyrri stigum og/eða sé brotið mjög alvarlegt má vísa nemanda úr skóla tímabundið.

Mat á skólastarfi

Samkvæmt grunnskólalögum eru gæði skólastarfsins metin á tvo vegu. Innra mat eða sjálfsmat skólans er unnið árlega af starfsfólki skólans og ber skólastjóri ábyrgð á að það sé framkvæmt, en ytra mat á nokkurra ára fresti í umsjón Menntamálastofnunar. Ytra matið felur í sér að utanaðkomandi matsaðili metur gæði skólastarfsins og skilar skýrslu til fræðsluráðs og skólans. Í kjölfarið vinnur skólinn úrbótaáætlun og metur árangur umbóta. Í 37. grein grunnskólalaga stendur að sveitarfélög sinni ytra mati og eftirliti með gæðum skólastarfs og láti ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

Innra mat

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um sjálfsmat skóla, innra mat, og velur skólinn sjálfur matsaðferðir. Aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá Dalvíkurskóla, leiðarljós og markmið með skólastarfinu ásamt aðstæðum skólans á hverjum tíma eru undirstaða matsins. Eitt af hlutverkum sjálfsmats er að draga fram styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í skólastarfinu. Niðurstöður þess skapa faglegan grundvöll fyrir umbætur sem liggja til grundvallar skilvirkara og markvissara skólastarfi.

Mat á skólastarfi er stöðug viðleitni til að gera góðan skóla enn betri með mælingum á starfsháttum og verkferlum sem notaðir eru. Matið er leið til endurskoðunar og umbóta sem unnið er að. Matið er verkfæri til að bæta gæði náms og þeirrar þjónustu sem við viljum veita nemendum og aðstandendum þeirra.

Í Dalvíkurskóla er leitast við að vinna að innra mati skólans á sem fjölbreyttastan hátt. Það er gert með því að:

- Gera áætlun um innra mat árlega. Hana má nálgast [hér](#)
- Nota mismunandi matstæki og ólíkar matsaðferðir s.s. kannanir og rýnihópa
- Fá sem flesta í skólasamfélaginu til að taka þátt í matsvinnunni
- Vinna að umbótum í skólastarfinu.

Meðal þeirra gagna sem nýtt eru í innra mati skólans má nefna:

- Samráðsfundir með foreldrum, sem haldin eru tvisvar á skólaárinu og gefst foreldrum þar kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Umsjónarkennarar koma upplýsingum áleiðis til skólastjórnenda.
- Matsfund starfsmanna, sem haldinn er árlega. Allir starfsmenn fá þar tækifæri til að tjá sig um kosti og galla skólastarfsins. Skólastjórnendur vinna úr niðurstöðum fundarins og setja mál í farveg eftir því sem tilefni er til.
- Kennsluáætlanir, sem kennarar vinna og veita yfirsýn yfir áherslur í námi og kennslu.
- Kannanir sem lagðar eru fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur á vorönn. Þar er kallað eftir viðhorfum til margvíslegra þátta í skólastarfinu, til dæmis breytinga sem standa



fyrir dyrum. Ákvarðanir um stefnumörkun taka mið af þeim viðhorfum sem koma fram í könnunum.

- Samræmd könnunarpróf og önnur námsmatsverkefni, sem gefa vísbendingar um námsárangur og sóknarfæri á því sviði.
- Skólapúlsinn, sem veitir upplýsingar um skólamenningu, skólabrag og líðan nemenda.
- Eineltiskönnun, sem einnig veitir upplýsingar um líðan nemenda og tíðni eineltis.
- Starfsþróunarsamtöl, þar sem fram koma óskir starfsfólks um þróun í starfi, áherslubreytingar og hvað betur má fara í skólastarfinu.
- Skólalþing, þar sem kennarar kynna ýmis verkefni, kennsluaðferðir og þróunarstarf sem vel hefur gefist og umræða skapast um kennslufræðilegar áherslur.
- Fundir námsnefndar, þar sem nemendur unglíngastígs hafa tækifæri til að koma viðhorfum sínum á framfæri við kennarahópinn.

[Innramatsskýrsla](#) Dalvíkurskóla er birt árlega á heimasíðu skólans.

Skólapúlsinn og nemendakannanir

Skólapúlsinn er vefkerfi sem veitir skólastjórnendum stöðugan aðgang að upplýsingum, sem aflað er tvisvar ári, um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6. – 10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda miðað við nemendur í öðrum skólum í landinu.

Nemendur taka ýmsar kannanir á hverju skólaári á vegum ýmissa stofnana, s.s. Háskólans á Akureyri, Lýðheilsustofnunar og Rannsóknar og greiningar. Skólinn getur fengið niðurstöður þessara kannana gegn greiðslu. Árlega taka nemendur í 4. – 10. bekk Olweusarkönnun um líðan og einelti í skóla.

Starfsmannakönnun

Árlega er lögð fyrir starfsmannakönnun sem stjórnendur vinna að í samstarfi við fræðslusvið. Könnunin tekur til ýmissa þátta skólastarfsins. Hún nýtist til að meta styrkleika og veikleika í starfsemi skólans. Könnunin er tekin að vori. Hún er liður í að meta skólastarf og gera áætlun um að bæta það. Einnig eru af og til lagðar fyrir kannanir í tengslum við sérverkefni, s.s. þróunarverkefni í sama tilgangi.

Foreldrakönnun

Árlega er lögð fyrir foreldrakönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Hún nýtist til að meta gæði skólastarfs og er opin rafrænt fyrir foreldra tveimur vikum fyrir samráðsdag sem er í febrúar og einnig gefst foreldrum tækifæri á að svara könnun á samráðsdeginum sjálfum. Könnunin er unnin í samstarfi við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar.

Umbætur

Dalvíkurskóli vinnur markvisst að umbótum á skólastarfi og setur sér markmið/áherslur fyrir lengri tíma og jafnframt frekari útfærslu fyrir hvert skólaár. Reglulega er gerð áætlun um hvaða atriðum er brýnast að bæta úr. Skilgreint er í hverju vandinn liggur, hver á að bera ábyrgð á úrbótum eða viðbrögðum og tímamörk sett. Áætlunin er aðgengileg starfsmönnum sem geta þá fylgst með þróun mála. Meðal málefna sem falla undir þessa áætlun eru líðan starfsfólks, aðbúnaður á vinnustaðnum, stjórnunarhættir, upplýsingagjöf og þannig mætti áfram telja. Staða mála er einnig kynnt fyrir starfsmannahópnum á starfsmannafundum. Skólaárið 2014 – 2015 var skólinn tekin út af Námsmatsstofnun og í kjölfarið var gerð tímasett umbótaáætlun sem skilað var til Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Eitt af því sem kom fram í matinu er að það þarf að bæta námsárangur nemenda. Í kjölfarið var tekin sameiginleg ákvörðun



Fræðsluviðs Dalvíkurbyggðar og Dalvíkurskóla um að stofna starfshóp sem vinnur að því verkefni í þrjú ár að bæta námsárangur nemenda í Dalvíkurskóla. Vorið 2018 lauk þeirri vinnu og í framhaldinu var stofnað Fagráð sem vinnur að áframhaldandi umbótum á skólastarfi.

Samstarf við aðra skóla og nærsamfélagið

Leikskólar

Dalvíkurskóli á samstarf við leikskólann Krílakot. Það felst meðal annars í gagnkvæmum heimsóknnum, upplýsingagjöf um skólastarfið og undirbúningi fyrir komu nemenda í 1. bekk. Þá er unnið að nokkrum sameiginlegum verkefnum á báðum skólastigunum svo sem Uppbyggingarstefnunni og Grænfána verkefninu. Þá er 5. bekkur Dalvíkurskóla vinabekkur Krílakots og hefur m.a. aðstoðað við Vetrarleika leikskólans. Nemendur í 7. bekk hafa lesið fyrir nemendur leikskólans í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina og enn fremur má nefna gagnkvæmar heimsóknir á milli elstu leikskólabarnanna og nemenda í 1. bekk nokkrum sinnum á vetri. Þá er samstarf á milli Dalvíkurskóla og leikskólans varðandi starfsnám á unglíngastigi

Samkvæmt [16. gr. leikskólalaga nr. 90/2008](#) skulu persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir velferð barns og aðlögun í grunnskóla fylgja börnunum úr leikskóla í grunnskóla. Einnig er skilafundur á hverju vori þar sem verkefnastjóri sérkennslu, deildastjóri yngsta stigs og starfsmaður leikskólans fara yfir þær upplýsingar sem fylgja hverjum þeim nemenda sem er að byrja í grunnskóla.

Tónlistarskólinn á Tröllaskaga

Dalvíkurskóli er í samstarfi við Tónlistarskólann á Tröllaskaga um tónmenntakennslu í grunnskólanum frá 1. – 6. bekk. Kennarar tónlistarskólans sinna kennslunni. Einnig hafa skólarnir verið í samstarfi um ýmsar uppákomur sem tengjast tónlistarflutningi og listsköpun svo sem á árshátíð Dalvíkurskóla, Stóru Upplestrarkeppninni og fleiri viðburðum. Margir nemendur sækja auk þess tónlistarnám við tónlistarskólann á skólatíma og er ákvörðun um tímasetningu tekin í samvinnu við viðkomandi umsjónarkennara og foreldra nemenda.

Framhaldsskólar

Nemendur 9. bekkjar fara í skólaheimsóknir í framhaldsskóla á Akureyri og í Fjallabyggð til að kynna sér starfsemi framhaldsskólanna þar. Tilfærsla nemenda milli skólastiga sem víkja verulega frá hefðbundnu námi er gerð einstaklingslega í samráði við starfsbrautir VMA og MTR.

Innlend og erlend samskipti

Á hverju ári reyna starfsmenn að heimsækja aðra skóla innanlands og kynna sér skólastarf og nýbreytni í skólamálu. Einnig hefur starfsfólk skólans kynnt sér skólastarf erlendis. Nokkurt samstarf er á milli skóla á Eyjafjarðarsvæðinu og hefur það aukist jafnt og þétt síðustu ár. Undanfarna vetur hefur skólinn tekið þátt í menntabúðum um upplýsingatækni *#Eymennt*, en þar hittast skólar á Eyjafjarðarsvæðinu reglulega yfir veturinn og kynna hver öðrum áhugaverðar nýjungar í upplýsingatækni. Frá vetrinum 2017 – 2018 hafa nokkrir kennarar einnig tekið þátt í menntabúðum í list og verkgreinum *#Eylist*. Einnig tóku kennarar á yngra stigi þátt í sameiginlegum vinnubúðum í Byrjendalæsi með þrem öðrum grunnskólum í Eyjafirði og heldur það samstarf áfram í vetur.

Dalvíkurskóli er ábyrgðaraðili og skipuleggur Erasmus+ verkefni ásamt fjórum öðrum skólum í Póllandi, Ítalíu, Eistlandi og Finnlandi. Verkefnið hófst 2018 og lýkur 2020. Verkefnið gengur út á snjalltæki, forritun t.d. vélmenna og notkunar á þrívíddarprentun og vínillskera.



Samstarf við aðrar stofnanir

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir eru fastir liðir í skólastarfinu og samstarf við eldri borgara hefur aukist á síðustu árum. Þar má nefna heimsóknir nemenda á Dvalarheimilið Dalbæ þar sem nemendur taka lagið og leika fyrir íbúana. Þá spila nemendur 1. – 6. bekk og eldri borgarar saman í húsi þeirra, Mímisbrunni, minnst einu sinni á vetri. Í samstarfi við Félag aldraðra í Dalvíkurbyggð koma einstaklingar frá þeim í skólann og láta börn í 1. – 4. bekk lesa. Þeir eru einnig að lesa fyrir börnin og segja frá hvernig var hér í Dalvíkurbyggð í gamla daga. Í þakklætisskyni er eldri borgurum boðið að horfa á árshátíð skólans, helgileik á litlu jólum og í jólamálsverð áður en skólinn fer í jólafrí. Skólinn er í samstarfi við allmörg fyrirtæki í Dalvíkurbyggð um starfsnám elstu nemendanna. Á þemadögum er hefð fyrir ýmsu samstarfi við nærsamfélagið, s.s. heimsóknum, kynningum frá fyrirtækjum og stofnunum o.fl.



Starfsáætlun Dalvíkurskóla

Stjórnskipulag Dalvíkurskóla

Dalvíkurskóli er einn grunnskóli með eina starfsstöð. Skólastjóri fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar. Við skólann starfa einnig tveir deildarstjórar, deildarstjóri 1. – 6. bekkjar og deildarstjóri 7. – 10. bekkjar. Þessir þrír aðilar mynda skólastjórn. Fastir fundir skólastjórnar eru tvisvar í viku. Skipurit Dalvíkurskóla er hægt að nálgast [hér](#). Í Dalvíkurbyggð eru tveir grunnskólar og foreldrar nemenda 1. – 7. bekkjar geta valið um grunnskóla, en skólaakstur miðar að þjónustu við hvort skólahverfi fyrir sig. Allir nemendur 8., 9. og 10. bekkjar sækja nám í Dalvíkurskóla.

Starfsfólk og aðbúnaður

Dalvíkurskóli leggur áherslu á að við hann starfi áhugasamt og hæft starfsfólk með fjölbreytta menntun. Auk kennara, sérkennara, stuðningsfulltrúa og skólaliða starfi þar þroskaþjálfari, iðjuþjálfari og náms- og starfsráðgjafi sem hafa þverfaglegt samstarf varðandi ráðgjöf og stoðþjónustu innan skólans. Áhersla er á teymisvinnu við lausnaleit og skipulag. Allt starfsfólk fær hvatningu og tækifæri til að bæta við og viðhalda faglegru hæfni sinni. Lögð er áhersla á að endur- og símenntun haldist í hendur við þróunarstarf skólans. Mikilvægt er að starfsfólk búi við góða vinnuástöðu og fjölskylduvæna starfsmannastefnu í samræmi við [Mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar](#).

Opnunartími skrifstofu og skóla.

Skrifstofa skólans er opin mánudaga – fimmtudaga kl. 7:40 – 16:00 og á föstudögum 7:40 – 15:00. Foreldrar eru beðnir að tilkynna til skrifstofu skólans ef breytingar verða á höfum nemenda svo sem heimilisfangi eða símanúmeri. Netfang Dalvíkurskóla er: fridrik@dalvikurbyggd.is og veffang: <http://www.dalvikurbyggd.is/dalvikurskoli/>

Hagnýt símanúmer

- Dalvíkurskóli	4604980
- Skólastjóri	4604983
- Deildastjóri eldra stigs	4604982
- Deildastjóri yngra stigs	4604985
- Vinnusvæði kennara 1. – 6. bekk	4604981
- Vinnusvæði kennara 7. – 10. bekk	4604987
- Húsvörður Dalvíkurskóla	4604984
- Frístund	4604590
- Íþróttamiðstöð	4604940
- Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi	4604913
- Félagsmiðstöðin Týr Víkurröst	4604944
- Tónlistarskóli	4604990



Skóladagatal Dalvíkurskóla 2019 – 2020

Skólinn gerir sér [skóladagatal](#) sem er hluti af starfsáætlun skólans. Þar koma fram frídagar nemenda og starfsfólks, skipulags – og undirbúningsdagar starfsfólks, námsmatsdagar og annað uppbot í skólastarfi. Reynt er að samræma skóladagatal sem mest í skólum Dalvíkurbyggðar.

Starfsfólk Dalvíkurskóla veturinn 2019 – 2020

Í Dalvíkurskóla er unnið metnaðarfullt starf, þar sem gott samstarf, gagnkvæm virðing og jákvæðni eru höfð að leiðarljósi. Starfsfólk skólans er duglegt að kynna sér nýjungar og færa þær inn í starfið.

(Gk = grunnskólakennari, Sérk = sérkennari, L = leiðbeinandi, Sf = stuðningsfulltrúi, Sk = skólaliði)

Anna Lís Stefánsdóttir (Sf)	annalisa@dalvikurbyggd.is
Arna Stefánsdóttir (þroskaþjálfari)	arna@dalvikurbyggd.is
Ása Fönn Friðbjarnardóttir (Gk)	asafonn@dalvikurbyggd.is
Ásrún Ingvadóttir (Gk)	asrun@dalvikurbyggd.is
Bergljót V. Jónsdóttir (Sérk)	bergljot@dalvikurbyggd.is
Borja Lopez Laguna (Sf)	borja@dalvikurbyggd.is
Bjarni Jóhann Valdimarsson (tölvuumsjón)	bjarni@dalvikurbyggd.is
Einar Arngrímsson (húsvörður)	einar@dalvikurbyggd.is
Elín Ása Hreiðarsdóttir (Sk)	elinh@dalvikurbyggd.is
Elmar Eiríksson (Gk)	elmar@dalvikurskoli.is
Elsa Austfjörð (Gk)	elsa@dalvikurbyggd.is
Erna Þórey Björnsdóttir (Gk)	ernathorey@dalvikurbyggd.is
Ester Ottósdóttir (starfsmaður á bókasafni)	ester@dalvikurbyggd.is
Friðrik Arnarson (deildastjóri 7. – 10. bekk)	fridrik@dalvikurbyggd.is
Gréta Guðleif Arngrímsdóttir (Gk)	greta@dalvikurbyggd.is
Guðbjörg Stefánsdóttir (Sf)	gudbjorg@dalvikurbyggd.is
Guðný Jóna Þorsteinsdóttir (náms- og starfsráðgj.)	gudnyjona@dalvikurbyggd.is
Guðný Sigríður Ólafsdóttir (Gk)	gudny@dalvikurbyggd.is
Gunnhildur Birnisdóttir (Sérk)	gunnhildurh@dalvikurbyggd.is
Hafdís Sverrisdóttir (forstöðum. Frístundar)	hafdis@dalvikurbyggd.is
Harpa Rut Heimisdóttir (Gk)	harpa@dalvikurbyggd.is
Helena Frímansdóttir (Gk)	helena@dalvikurbyggd.is
Hólmfríður Stefánsdóttir (Sk)	holmfridur@dalvikurbyggd.is
Hugrún Felixdóttir (Gk)	hugga@dalvikurbyggd.is
Ingibjörg M. Ingvadóttir (Sf)	inga@dalvikurbyggd.is
Inga Sigrún Mattíasdóttir (Gk)	ingamatt@dalvikurbyggd.is
Ingibjörg R. Kristinsdóttir (Sf/L)	lilla@dalvikurbyggd.is
Ingvi Rafn Ingvason (Sf)	ingvi@dalvikurbyggd.is
Jolanta Krystyna Brandt (Sf)	jolantab@dalvikurbyggd.is
Jóhanna Elínros Sveinbergsdóttir (Sk)	ella@dalvikurbyggd.is
Jóhanna Skaftadóttir (Gk)	joska@dalvikurbyggd.is



Jónína Björk Stefánsdóttir (Gk)	jonina@dalvikurbyggd.is
H. Katla Ketilsdóttir (Gk)	katla@dalvikurbyggd.is
Katrín Fjóla Guðmundsdóttir (deildastjóri 1. – 6. b.)	kata@dalvikurbyggd.is
Klemenz Bjarki Gunnarsson (Gk)	klemenz@dalvikurbyggd.is
Kolbrún Einarsdóttir (Gk)	kolbrun@dalvikurbyggd.is
Kristín Heiða Garðarsdóttir (Sf)	kristinh@dalvikurbyggd.is
Lilja Bára Kristjánsdóttir (Gk)	liljabara@dalvikurbyggd.is
Lilja Sólveig Kristinsdóttir (Sk)	liljasolveig@dalvikurbyggd.iss
Magnea K. Helgadóttir (Gk)	magnea@dalvikurbyggd.is
Magni Þór Óskarsson (Gk)	magni@dalvikurbyggd.is
Margrét Magnúsdóttir (Gk)	margretm@dalvikurskoli.is
Margrét Traustadóttir (starfsm. í Frístund)	aegisgata@simnet.is
Matthildur Matthíasdóttir (Gk)	matta@dalvikurskoli.is
Sigríður Gunnarsdóttir (Gk)	sigridur@dalvikurbyggd.is
Skapti Þór Runólfsson (Gk)	skapti@dalvikurbyggd.is
Snjólaug Rósmundsdóttir (Sk)	snjoka@dalvikurbyggd.is
Sólveig Lilja Sigurðardóttir (Gk)	solasig@dalvikurbyggd.is
Valdís Guðbrandsdóttir (iðjuþjálfari)	valdis@dalvikurbyggd.is
Vilborg Björgvinsdóttir (ritari)	ritari@dalvikurbyggd.is

Móttökuáætlun v/nýliða í starfi

Einn af stjórnendum skólans sér um móttöku og styður við nýja starfsmenn. Í upphafi skólaárs sjá stjórnendur um að útvega nýliðum í kennslu leiðsagnarkennara. Þeir hittast reglulega yfir allt skólaárið, að meðaltali í eina kennslustund á viku. Einnig er mikilvægt fyrir nýja starfsmenn að kynna sér [Mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar](#).

Fundur með nýliðum á fyrstu starfsdögum skólans í ágúst.

- Farið yfir gátlista fyrir nýliða í starfi
- Helstu reglur og hefðir skólans kynntar
- Farið yfir helstu áherslur í skólastarfi Dalvíkurskóla
- Starfsmannahandbók með helstu upplýsingum um skólastarfið kynnt
- Húsnæði skólans skoðað
- Húsvörður sér um að afhenda nýjum starfsmanni lykla af skólahúsnæðinu
- Ritara fara yfir starfsemi skrifstofu með nýliða

Fundur með hverjum og einum nýliða í byrjun október.

- Fara yfir líðan í starfi
- Hvað gengur vel og hvað má betur fara

Starfsmannaviðtal í janúar/febrúar

- Fara yfir líðan í starfi
- Hvað gengur vel og hvað má betur fara

Foreldrafélag

Í Dalvíkurskóla er starfandi foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér



starfsreglur og sér um kosningu fulltrúa foreldra í skólaráð sjá [Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 9. gr.](#) Starfsreglur og fundargerðir foreldrafélags er hægt að nálgast á heimasíðu Dalvíkurskóla.

Skólaráð

Samkvæmt 8. gr grunnskólalaga nr. 91/2008 skal starfa við skólann skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Hlutverk skólaráðs er að vera umsagnaraðili um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem snúa að skólastarfi svo sem starfsáætlun og rekstraráætlun. Skólaráð er umsagnaraðili þegar meiriháttar breytingar eru fyrirhugaðar á skólahaldi. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda og fjallar um skólareglur. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra. Skólaráð velur svo einn fulltrúa úr grenndarsamfélaginu til að sitja í ráðinu. Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og er ábyrgur fyrir stofnun þess. Skólaráð setur sér starfsreglur árlega og heldur opinn fund fyrir aðila skólasamfélagsins um málefni skólans auk þess að funda með stjórn nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Fundargerðir skólaráðs er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Nemendaráð

Nemendaráð starfar við grunnskólann samkvæmt 10. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 og er í tengslum við félagsmiðstöðina Tý. Nemendur 7. – 10. bekkjar velja fulltrúa í nemendaráð, fjóra úr hverjum árgangi. Nemendaráðið kys tvo fulltrúa í skólaráð. Nemendaráð setur sér starfsreglur, fundar reglulega með starfsmanni félagsmiðstöðvar og tekur þátt í uppákomum þar. Uppákomur í skólanum eru skipulagðar í samráði við kennara.

Starfsreglur nemendaráðs Dalvíkurskóla

Val í nemendaráð fer fram að hausti ár hvert og er það myndað af 6 nemendum, tveimur úr hverjum árgangi, sex stráku og sex stelpum. Ráðið kys sér formann.

Nemendaráðið starfar fyrir nemendur 8. – 10. bekkjar. Er tengiliður á milli félagsmiðstöðvarinnar og nemenda skólans. Hittist einu sinni í viku ásamt starfsmanni félagsmiðstöðvar og/eða skóla. Undirbýr uppákomur í félagsmiðstöð og auglýsir. Skipuleggur uppákomur í skólanum og virkjar aðra nemendur til að stjórna þeim. Virkjar/hvetur nemendur til að mæta í félagsmiðstöðina. Miðlar upplýsingum til umsjónarmanns nemendaráðs um líðan nemenda í bekkjum. Tilnefnir fulltrúa nemenda í skólaráð. Vanræki fulltrúi í nemendaráði skyldur sínar er heimilt að víkja honum úr ráðinu.

Námsnefnd

Námsnefnd er starfandi við Dalvíkurskóla. Nefndin er skipuð átta fulltrúum nemenda úr 7. – 10. bekk, tveimur fulltrúum kennara eldra stigs og stjórnenda. Nefndin gerir sér starfsáætlun árlega og er hlutverk hennar að vera vettvangur fyrir nemendahópinn að koma skoðunum, viðhorfum og óskum sínum á framfæri, auk þess að veita kennurum aðhald og ráðgjöf varðandi ýmislegt sem snertir nám og kennslu. Námsnefnd getur lagt til breytingar á kennsluháttum, áherslum í skólastarfi og skipulagi þess. Milli funda er það hlutverk nemenda sem sitja í námsnefnd að kynna hugmyndir nefndarinnar fyrir nemendahópnum í heild og kanna hug hópsins til þess sem nefndin hefur til umfjöllunar hverju sinni. Bekkjafundir verða notaðir til að viðra hugmyndir sem fara inn í námsnefnd.



Helstu verkefni Dalvíkurskóla skólaárið 2019 – 2020

- Samvirkt nám og fjölmennningarlegar kennsluáðferðir. Allir kennarar eiga að halda áfram að nýta fjölmennningarlegar kennsluáðferðir og samþætta þær við kennsluna.
- Fagráð verður starfandi í Dalvíkurskóla í samvinnu við Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar. Ráðið fundar hálfsmánaðarlega og skráir fundargerðir. Fagráð ákveður í samráði við starfsfólk forgangsverkefni sem teymi skólans vinna að því að koma í framkvæmd. Ráðið gerir sér erindisbréf sem það vinnur eftir.
- Unnið verður að endurskoðun námsmatsáætlana skólans og námsmatsaðferða. Starfsmenn fóru til Skotlands í náms- og kynnisferð á starfsdögum í byrjun júní 2018 þar sem þeir kynntu sér uppbyggingu skoska skólakerfisins, leiðsagnarmat og hvernig það birtist í daglegu skólastarfi. Aukin áhersla verður lögð á að þróa notkun leiðsagnarmats í skólanum.
- Vinnubúðir í Byrjendalæsi verða skipulagðar í samráði við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu.
- Nokkrir kennarar skólans hafa lokið námskeiði í Hugarfrelsi sem er aðferð sem leggur áherslu á djúpa öndun, slökun, hugleiðslu og sjálfstyrkingu. Þessar aðferðir hafa reynst börnum og unglingum vel, aukið einbeitingu þeirra, vellíðan, jákvæða hugsun og styrkt sjálfsmynd. Á skólaárinu munu kennarar halda áfram að styrkja sig í aðferðinni sem stefnt er að nota í öllum árgöngum.
- Dalvíkurskóli vinnur samkvæmt *Þjóðarsáttmála um læsi* og að hausti, eftir áramót og að vori fara fram skipulagðir lestrarsprettir í öllum bekkjum skólans. Auk þess er heimalestri fylgt eftir af kennurum í öllum bekkjum.
- Áfram verður unnið að því að þróa upplýsingatækni í skólastarfi og auka notkun á spjaldtölvum í námi. Dalvíkurskóli tekur m.a. þátt í samstarfi um eflingu upplýsingatækni á skólastarfi með fimm öðrum skólum í Eyjafirði og munu samstarfsskólarnir, þar með talinn Dalvíkurskóli, standa fyrir menntabúðum í upplýsingatækni á skólaárinu 2019 – 2020. Þá munu fulltrúar skólans sækja upplýsingatækniráðstefnu á Sauðárkróki í nóvember.
- Áfram verður unnið markvisst eftir framkvæmdaáætlun í umhverfismálum í Dalvíkurskóla og stefnt að því að skólinn flaggi grænfananum í fimmta sinn vorið 2020.
- Áfram er unnið með teymisvinnu í skólastarfinu. Öll teymi hafa nú umsjón og utanumhald um tvo árganga, 1. – 2. bekkur, 3. – 4. bekkur, 5. – 6. bekkur, 7. – 8. bekkur og 9. – 10. bekkur. Í vetur munu teymin einnig mynda leshópa þar sem valdar greinar um teymiskennslu verða lesnar og ræddar. Þá mun *Fagráð* skólans vinna með teymunum að innleiðingu starfshátta sem taldir eru vænlegir til árangurs.
- Allir kennarar þurfa að skila [kennsluáætlunum](#) fyrir skólaárið samkvæmt samræmdu eyðublaði. Einnig gera kennarar vikuáætlanir sem eru aðgengilegar á vinnusvæði þeirra.
- Unnið verður eftir umbótaáætlun í kjölfarið á innramatsskýrslu Dalvíkurskóla.
- Samstarf verður áfram við Tónlistarskólann á Tröllaskaga sem sér um tónmenntakennslu í skólanum.
- Unnið verður áfram að því að styrkja kennara í kennslu í stærðfræði á yngsta – og miðstigi.
- Þróunarverkefnið „*Gerum gott betra*“, sem styrkt er af Sprotasjóði, verður unnið í samstarfi við tvo aðra skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu. Er það verkefni til að styrkja skóla í aga- og hegðunarmálum. Iðjuþjálfari og þroskaþjálfari skólans verða leiðtogar Dalvíkurskóla.
- Unnið verður að innleiðingu á nýjum persónuverndarlögum og persónuverndarstefna Dalvíkurskóla.



Stýrihópar skólaárið 2019 - 2020

Eins og undanfarin skólaár munu allir kennarar skólans vinna í stýrihópum sem hafa að markmiði að innleiða, endurskoða og bæta afmarkaða þætti skólstarfsins. Þessir hópar eru:

Umhverfisnefnd vinnur að verkefnum til að viðhalda Grænfánanum, vinnur að stefnumótun í umhverfismálum, gerð framkvæmdaáætlunar, velur forgangsverkefni og fylgir þeim eftir.

Eineltisteymi/samskiptateymi fylgir eftir stefnu skólans í vörnum gegn einelti, vinnur að forvörnum og úrlausnum eineltismála.

Fagráð/innra mat. Hópurinn fundar hálfsmánaðarlega. Kennsluráðgjafi á skólaskrifstofu Dalvíkurbyggðar vinnur með hópnum og skilar fundargerðum til fræðsluráðs. Hlutverk fagráðs er að styðja við faglegt starf í Dalvíkurskóla og vera upplýsandi fyrir fræðsluráð Dalvíkurbyggðar um starf skólans. Fagráð verður leiðandi í innleiðingu á leiðsagnarmati. Vinnur að innra mati skólans og gerir þriggja ára áætlun um hvað skal meta, hvenær og hvernig. Fylgir eftir að unnið sé markvisst eftir umbótaáætlun sem kemur fram í innramatsskýrslu skólans. Hópurinn sér um að skrifa innramatsskýrslu Dalvíkurskóla.

Stýrihópur um uppsetningu verkefna og hönnun skipuleggur og heldur utan um verkefni nemenda sem hengd eru upp á vegg skólans.

Stýrihópur um læsi vinnur að eflingu læsis og að stefnumótun og framkvæmd læsisstefnu skólans og Dalvíkurbyggðar í skólanum.

Námssamfélag stærðfræðikennara er samsett af stærðfræðikennurum skólans á mið- og unglingastigi og er starfsþróunarverkefni sem miðar að því að efla hæfni kennara og árangur nemenda. Stýrihópurinn vinnur verkefnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands.

Kennsluáætlanir

Hver kennari gerir kennsluáætlun fyrir sína námsgrein og eru þær settar inn á heimasíðu Dalvíkurskóla og sendar heim til foreldra. Kennsluáætlanir eru gerðar eftir samræmdu eyðublaði þar sem kemur fram viðfangsefni, hæfniviðmið, námsefni, kennsluhættir og hvernig mat fer fram.

Kennsluáætlanir er hægt að nálgast hér: [1. bekkur](#) – [2. bekkur](#) – [3. bekkur](#) – [4. bekkur](#) – [5. bekkur](#) – [6. bekkur](#) – [7. bekkur](#) – [8. bekkur](#) – [9. bekkur](#) – [10. bekkur](#).

Valgreinar í 7. – 10. bekk

Í Dalvíkurskóla er leitast við að bjóða upp á fjölbreytt val fyrir nemendur í 7. – 10. bekk. Nemendur velja sér smiðjur sem kenndar eru í tólf vikur í senn. Allir nemendur í 7. – 10. bekk taka valgreinina sköpun þar sem nemendur velja sér meðal annars verkefni sem þeir hafa áhuga á og kynna það fyrir samnemendum og foreldrum. Nemendur í 7. og 8. bekk velja eina námsgrein eða um 12% kennslustunda en nemendur í 9. og 10. bekk velja þrjár eða um 18% kennslustunda. Nemendur hafa möguleika á að fá tólmstundir metnar sem eina valgrein. Kynningu á valgreinum má finna á heimasíðu skólans.

Félagsstarf nemenda

Félagsmiðstöðin Týr er staðsett Víkurröst, en það er frístundahús á vegum Dalvíkurbyggðar. Aðalmarkhópur frístundahússins er fólk á aldrinum 6 – 20 ára. Lykilhugtök í fagstarfi með börnum og unglingum eru lýðræðisleg þátttaka, sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði, jafnrétti,



samskiptafærni, gagnrýnin og skapandi hugsun. Lýðræði er hugmyndafræði sem endurspeglar margt í fagstarfinu og tryggir áhrif barna og ungmenna á starfið. Jafnframt er mikilvægt að börn og unglingar læri með skipulögðum hætti að velja sér viðfangsefni. Með því styrkjum við lýðræðisvitund og að allar okkar ákvarðanir hafa áhrif. Fjölbreytni í starfinu skiptir miklu máli svo að flestir finni eitthvað við sitt hæfi.

Forsvarsmenn félagsmiðstöðvar vinna náið með náms – og starfsráðgjafa Dalvíkurskóla ásamt deildastjóra unglingastigs skólans. Sóttir verða áfram fastir viðburðir eins og Samfés, Samfestingur, Stúll, söngkeppni og landsmót félagsmiðstöðva.

Frístund – lengri viðvera

Frístund er starfandi við skólann og er boðið upp á lengri viðveru fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði Dalvíkurskóla. Frístund vinnur eftir dagskipulagi þar sem nemendur eru í hópum og taka fyrir viðfangsefni eins og lestur, frjálsan leik, útiveru og frjálst val. Nemendur fá smá hressingu á hverjum degi. Skráningarblað er sent til allra foreldra í 1. – 4. bekk að hausti og allar upplýsingar um Frístund eru veittar á skrifstofu skólans. Starfsfólk Frístundar er: Hafdís Hrafnhildur Sverrisdóttir, Lovísa María Sigurgeirsdóttir og Margrét Traustadóttir.

Hefðir og venjur í Dalvíkurskóla

Vissar hefðir og venjur eru viðhafðar í Dalvíkurskóla og taka þær mið af skólastarfinu.

Útivistardagar

Í skólanum eru tveir útivistardagar, annar að hausti og hinn eftir áramót. Að hausti er einum skóladegi varið til göngu- eða hjólaferða í umhverfinu. Útivistardagur á vorönn er í Böggvisstaðafjalli þar sem nemendum gefst kostur á að renna sér á skíðum, brettum og sledum. Markmið útivistardaga eru að nemendur kynnist umhverfi sínu og læri örnefni, þeir stundi holla útivist, njóti hreyfingar í félagahópi og öðlist jákvæða mynd af útivist og hreyfingu. Líta má á útivistardagana sem allsherjar námskeið í hópefli hjá nemendum. Útivistardagur að hausti er áætlaður í fyrstu viku september en útivistardagur á vorönn er breytilegur eftir stigum og ræðst tímasetning af veðri og aðstæðum.

Viðmið um leiðir:

1. bekkur gengur upp að Seltóftum á Upsadal
2. bekkur gengur upp að girðingu á Böggvisstaðadal
3. – 4. bekkur gengur Kofahringinn, fram að Kofa á Böggvisstaðadal og til baka fram hjá Brunnklukktjörn eða upp á Melrakkadal og niður að Brunnklukktjörn.
5. – 6. bekkur fær val um að ganga fram að Skeiðsvatni eða upp að Nykurtjörn
7. – 10. bekkur hefur val um Friðlandið, Reykjaheiði, Vikið eða Bæjarfjall

Jólafondurdagur

Í byrjun aðventu, seinni part föstudags, koma foreldrar nemendur og aðrir gestir í skólann. Þar geta þeir keypt jólafondur á kostnaðarverði og fönðrað saman. Starfsmenn skólans undirbúa fönðurdaginn. Þennan dag selja nemendur 10. bekkjar kaffi og meðlæti til fjáröflunar fyrir ferðasjóð sinn og hafa umsjónarkennarar og foreldrar lagt nemendum lið í undirbúningi og vinnu. Jólafondurdagurinn verður 29. nóvember í ár.



Góðverkadagur í Dalvíkurskóla

Í desember er hefð fyrir því að hafa einn dag sem kallast Góðverkadagurinn. Þá eiga nemendur að láta gott að sér leiða og sýna bæjarbúum hlýhug, kærleik og hjálpssemi með því að sinna ýmsum góðverkum. Það getur m.a. verið að aðstoða í leikskólum eða fyrirtækjum í bænum, lesa fyrir vistmenn á Dalbæ og eða gefa vegfarendum í bænum fallegar orðsendingar og knús.

Spurningakeppni hjá nemendum í 7. – 10. bekk

Í Dalvíkurskóla er hefð fyrir því að vera með spurningakeppni á sal skólans fyrir nemendur 7. – 10. bekkjar. Skipulag keppinnar er í höndum kennara á eldra stigi. Spurningakeppnin er haldin um eða eftir miðjan desember.

Litlu jólin

Síðasta skóladað fyrir jólaaleyfi eru litlu jól í Dalvíkurskóla. Í ár verða þau 20. desember. Nemendur koma í betri fötunum og eiga saman hátíðlega stund með sínum bekkjarfélögum. Þá koma bekkir hvers stigs saman í hátíðarsal þar sem m.a. eru sýnd skemmtiatriði, dansað í kringum jólatré og jólalög sungin. Nemendur 5. bekkjar flytja helgileik um jólaguðspjallið og jólasveinar koma í heimsókn. Á unglíngastigi halda nemendur litlu jólin hátíðleg að kvöldi og enda á balli í félagsmiðstöðinni Tý. Litlu jól unglíngastigs verða 19. desember.

Jólapóstur

Sú hefð hefur skapast að nemendur 7. – 10. bekkjar bera út jólapóst á Dalvík, í Svarfaðardal og Skíðadal gegn vægu gjaldi. Íbúar koma með póstin í skólann á Þorláksmessu milli klukkan 13:00 og 16:00 þar sem 7. bekkur og starfsmenn skólans sjá um móttöku. Nemendur unglíngadeildar bera póstin út á aðfangadag klæddir jólasveinagervi. Þessi hefð hefur verið við lýði á Dalvík frá því um 1940 og er mjög mikilvæg fyrir samfélagið í heild sinni. Tekjur af jólapósti renna til bókasafns skólans.

Samstarf við Félag eldri borgara

Undanfarin ár hafa nemendur í 1. – 6. bekk Dalvíkurskóla farið í skipulagðar heimsóknir í Mímisbrunn og átt þar góðar stundir með eldri borgurum, gripið í spil og notið góðra veitinga. Einnig hefur skólinn boðið eldri borgurum að koma á litlu jólin hjá yngsta stigi og á árhátíð Dalvíkurskóla. Deildarstjóri yngra stigs heldur utan um þessar heimsóknir sem fara fram á vorönn.

Síðustu tvö skólaár hafa einstaklingar frá Félagi aldraðra komið inn í skólann og látið nemendur lesa og einnig lesið fyrir þá og sagt þeim hvernig lífið var hér á árum áður. Framhald verður á þessu skólaárið 2019 – 2020.

Skólahreysti

Árlega er íþróttakeppnin Skólahreysti haldin á landsvísu fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Skólahreysti reynir á snerpu, þol og úthald nemenda. Íþróttakennarar sjá um undirbúning og skipulag keppinnar. Nemendur Dalvíkurskóla undirbúa sig fyrir keppnina frá hausti. Í desember er haldin skólakeppni, landshlutakeppni í mars og ef skólinn kemst í úrslit fær hann þátttökurétt í úrslitakeppninni sem fer fram í Reykjavík í lok apríl.

Stóra og litla upplestrarkeppnin

Nemendur í 7. bekk taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Markmið keppinnar er að efla íslenskt mál og færni nemenda í notkun þess sér til ánægju og heilla og að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Undirbúningur keppinnar hefst á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember og lýkur með lokahátíð í mars. Á lokahátíðinni keppa Grunnskólar Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar í upplestri.



Nemendur í 4. bekk taka þátt í „Litlu upplestrarkeppninni.“ Sú keppni hófst í Hafnarfirði 2010 og byggir á markmiðum “Stóru upplestrarkeppninnar“. Meginmarkmið keppninnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn.

Árshátíð

Í síðustu vikunni fyrir páskafrí er sett upp vegleg sýning. Þar koma nemendur skólans fram og sýna leikatriði, dans og söng. Haldnar eru nokkrar sýningar, bæði fyrir nemendur og gesti. Hver árgangur æfir og flytur atriði og reynt er að virkja alla til þátttöku. Markmið árshátíðar er að þjálfa nemendur í að koma fram, vinna saman sem heild og vera áhorfendur. Áhersla er lögð á sköpun og frumleika. Þátttaka í árshátíð er mikilvægur þáttur í eflingu félagsfærni nemenda og samvinnufærni, þar sem verkefnið stendur og fellur með samstilltu átaki nemendanna. Árshátíðin í ár verður 10. og 11. apríl.

Myndatökur

Á hverju vori kemur ljósmyndari í skólann og tekur bekkjarmyndir af 2., 7. og 10. bekk. Nemendur og/eða foreldrar geta keypt bekkjarmyndirnar. Myndirnar eru auk þess varðveittar í skólanum og hengdar þar upp.

Umhverfisdagur

Í lok skólaárs ganga nemendur Dalvíkurskóla um bæinn og hreinsa hann af öllu rusli sem kemur undan snjó. Að því loknu er þeim boðið upp á grillaðar pylsur og drykk sem foreldrar sjá um að afgreiða. Umhverfisdagurinn er áætlaður 2. júní.

Unicefhlaupið

Á vorin hlaupa nemendur jafnframt áheitahlaup til stuðnings Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (Unicef). Allir nemendur í 1. – 10. bekk taka þátt en nemendur unglíngadeildar hafa þó val um að hlaupa, aðstoða við hlaupið eða sitja hefðbundnar kennslustundir í skólanum.

Útskriftarferð 10. bekkjar og fjáröflun

Í lok 10. bekkjar fara nemendur í ferðalag innanlands. Síðasta veturinn í skólanum standa því nemendur fyrir ýmiss konar fjáröflunum svo sem eins og að sjá um kaffihlaðborð á jólaföndurdaginn. Fjáraflanir eru að mestu leyti skipulagðar af foreldrum.

Skólaslit

Skólaslit fara fram í hátíðarsal skólans og er þeim skipt eftir aldursstigum. Þar afhenda umsjónarkennarar nemendum vitnisburð skólaársins og kveðja þá áður en þeir fara út í sumarið. Veitt er viðurkenning úr móðurmálssjóði Helga Símonarsonar fyrir hæstu einkunn í íslensku í 7. bekk. Á skólaslitum 9. – 10. bekkjar er 10. bekkungum veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í flestum námsgreinum. Þeim og aðstandendum þeirra er boðið í veitingar ásamt foreldrum og nemendum 9. bekkjar og síðan er 10. bekkur kvaddur formlega. Skólaslit vorið 2020 verða 4. júní.

Stoðþjónusta

Samkvæmt Grunnskólalögum skal þess sérstaklega gætt að allir nemendur fái sem jöfnust tækifæri til náms og að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Jafnframt er tekið fram í þessari grein að í öllu skólastarfi skuli tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda. Í reglugerð um sérkennslu [nr. 585/2010](#) segir: *Stuðningur við nemendur eða nemendahópa felst*



í sveigjanlegu og margbreytilegu námsumhverfi og kennsluháttum sem ætlað er að mæta þörfum allra nemenda. Við skipulag stuðnings við einstaka nemendur eða nemendahópa skal stuðla að því að hann fari fram innan skólans án aðgreiningar. Stuðningi við nemendur með sérþarfir skal sinnt af umsjónarkennara, sérkennara eða öðrum kennurum eftir því sem við verður komið.

Stoðteymi Dalvíkurskóla

Í Dalvíkurskóla er stoðteymi og í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, náms – og starfsráðgjafi, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari, deildastjóri eldra stigs og deildastjóri yngra stigs sem jafnframt er stjórnandi teymisins. Hlutverk teymisins er að halda utan um sér – og stuðningsmál í skólanum og meta hvar stuðningur nýtist sem best fyrir nemendur með hliðsjón af þeim mannaði sem er starfandi við skólann. Stoðteymi fundar þrisvar sinnum í mánuði og eru fundargerðir vistaðar hjá stjórnendum.

Leiðir skólans til að mæta nemendum með sérþarfir

Í Dalvíkurskóla er unnið eftir sérkennslustefnu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar sem var unnin í samráði við Fræðsluvið Dalvíkurbyggðar. Í stefnunni kemur fram hvernig skólinn ætlar að mæta þörfum þeirra einstaklinga sem víkja frá hinu hefðbundna námi. Í grunnskólum Dalvíkurbyggðar er sérþörfum nemenda mætt með mismunandi hætti, ýmist í hópi eða einum, inni í almennri kennslustofu, á opnum svæðum eða í námsveri. Almenna reglan er að kennsla fari sem mest fram í bekkjarumhverfinu. Rík áhersla er lögð á snemmtæka íhlutun og þannig leitast við að fyrirbyggja örðugleika í námi og samskiptum. Eftirtaldar leiðir eru meðal annars farnar:

- Aðlögun námsefnis.
- Einstaklingsmiðuð stundaskrá.
- Leiðsögn til foreldra og sérsniðin lotubundin heimaverkefni (heimapakkar) m.a. í lestri og stærðfræði.
- Fjölmenningarlegar kennsluáðferðir og samvirkt nám.
- Teymiskennsla kennara þar sem hópaskipting getur verið eftir aldri eða aldursblönduð og viðfangsefni sérsniðin að hópunum.
- Stöðvavinna: a) Nemendur vinna í getublönduðum hópum, stundum þvert á bekki, og leysa mismunandi verkefni. Nemendur styðja hver annan við að leysa verkefni. b) Nemendur vinna í getuskiptum hópum, stundum þvert á bekki, að verkefnum sem eru löguð að getu hvers hóps.
- Sérkennsla inni í kennslustofu eða utan hennar.
- Viðbótar lestrarþjálfun þar sem starfsmaður skóla eða sjálfboðaliði hlustar á nemendur lesa.
- Litlir námshópar í sérkennslu (sérkennari, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari o.s.frv.).
- Sérkennsla einstaklings (sérkennari, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari o.s.frv.)
- Starfsnám á unglingsstigi.
- Hegðunarmótun, viðtöl og samskiptabók (umsjónarkennari, deildarstjóri, sérkennari, náms- og starfsráðgjafi, iðjuþjálfari, þroskaþjálfari o.s.frv.).
- Náms- og starfsráðgjöf tengd líðan og námi.
- Þjónusta sálfræðings.
- Þjónusta talmeinafræðings.

Markmiðið með stefnunni er að tryggja að allir nemendur fái nám við hæfi. Hægt er að nálgast stefnu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar um þjónustu við nemendur með sérþarfir [hér](#).



Einstaklingsnámskrá er námskrá gerð fyrir nemanda sem vîkur nokkuð frá Aðalnámskrá grunnskóla í einni námsgrein eða fleiri. Í grunnskólum Dalvíkurbyggðar eru gerðar tvenns konar einstaklingsnámskrár:

- *Einstaklingsnámskrá I.* Ítarleg námskrá fyrir nemanda sem vîkur frá Aðalnámskrá grunnskóla í nánast öllu námi. Til grundvallar henni liggur greining sem staðfestir þroskafrávik eða annars konar frávik.
- *Einstaklingsnámskrá II.* Námskrá fyrir nemanda sem vîkur frá Aðalnámskrá grunnskóla í einni eða fleiri námsgreinum hvort heldur sem nemandinn nær ekki markmiðum hennar eða fer langt fram úr þeim.

Einstaklingsnámskrá nær ýmist til nokkurra vikna, einnar annar eða heils skólaárs. Markmið hennar eru þrepuð niður í skammtímamarkmið sem unnið er að ákveðinn tíma, síðan metið hvað hefur áunnist og ný markmið sett. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að einstaklingsnámskrá sé gerð og vinnur hana í samstarfi við foreldra, stuðningsfulltrúa, greinakennara, sérkennara og aðra sérfræðinga innan skólans. Frumrit einstaklingsnámskrár og skammtímamarkmiða skal varðveitt í persónumöppu viðkomandi nemanda. Í Dalvíkurskóla eru gerðar tvenns konar einstaklingsnámskrár:

[\(sjá stefnu Grunnskóla Dalvíkurbyggðar um þjónustu nemenda með sérþarfir\).](#)

Námsver

Í Dalvíkurskóla er eitt námsver þar sem unnið er með nemendum sem hentar ekki að stunda námið að öllu leyti í almennum bekk eða þurfa tímabundinn stuðning. Allir nemendur með sérþarfir tilheyra sinni bekkjardeild. Þó svo að kennsla einstakra nemenda fari að miklu leyti fram í námsveri eru þeir með bekknum sínum í öllum nestistímum, næðisstundum, íþróttum og yfirleitt í verkgreinum. Lögð er áhersla á daglega vinnu með bekkjarfélögum og þátttöku í uppbroti inni í bekk og atburðum/skemmtunum á skólatíma. Í námsverunum starfa sérfræðingar skólans (sérkennari, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari) og stuðningsfulltrúar. Sérfræðingar bera ábyrgð á skipulagi og faglegri vinnu í námsverunum en stuðningsfulltrúar vinna með nemendum undir leiðsögn sérfræðinganna og almennra kennara.

Sérfræðipjónusta innan skólans

Sérkennarar

Tveir sérkennarar eru starfandi við skólann. Gunnhildur H. Birnisdóttir, sem jafnframt er verkefnastjóri sérkennslu í Dalvíkurskóla, og Bergljót V. Jónsdóttir sem er aðallega með sérkennslu í 1. – 4. bekk. Verkefnastjóri sérkennslu situr í stoðteymi skólans.

Helstu verkefni verkefnastjóra sérkennslu:

- Sérkennsla að hluta
- Mat á greiningaþörf
- Almenn ráðgjöf við starfsfólk vegna nemenda með sérþarfir
- Aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa á yngra stigi og seta á undirbúningsfundi með foreldrum og umsjónarkennara
- Aðstoð og ráðgjöf til kennara vegna heimapakka fyrir nemendur
- Að hafa forgöngu um greiningu á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk og vinna aðgerðaráætlun í samstarfi við greinakennara
- Eftirfylgni með gerð einstaklingsnámskráa
- Mat og greiningar varðandi lestur
- Samskipti vegna barna með sérþarfir til undirbúa flutning milli leik – og grunnskóla



- Tekur Logos lestrargreiningar að hluta og vinnur úr þeim.

Iðjuþjálfí

Iðjuþjálfí Dalvíkurskóla er Valdís Guðbrandsdóttir. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi alla virka daga. Hlutverk iðjuþjálfna er að auka færni nemenda við athafnir daglegs lífs og skólatengda iðju. Iðjuþjálfí sinnir einnig ráðgjöf og teymisstjórn vegna nemenda. Iðjuþjálfí vinnur í samvinnu við nemendur, forráðamenn, kennara, skólastjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Helstu verkefni iðjuþjálfna:

Skipuleggur og sinnir þjálfun í samræmi við þarfir nemenda með og án sérþarfa við skólatengda iðju, athafnir daglegs lífs, skerta félagsfærni og hegðunarerfiðleika.

- Hefur yfir að búa sértækri þekkingu á daglegri iðju, mati og greiningu á henni og úrræðum er varða skerta færni s.s. aðlögun á umhverfi/iðju.
- Útbýr þjálfunargögn og aflar nýrra í samræmi við þarfir einstakra nemenda.
- Starfar með og veitir ráðgjöf til starfsmanna og annarra fagaðila vegna nemenda sem eiga m.a. í erfiðleikum við skólatengda iðju, félagsfærni, hegðun og athafnir daglegs lífs.
- Sinnir teymisstjórn yfir nemendum sem honum er falið af stoðteymi, skólastjóra.
- Hefur yfirsýn og heldur utan um þætti sem varða velferð og hagsmuni nemenda með sérþarfir.
- Skilgreinir færni nemenda við skólatengda iðju og leitar eftir sérfræðilegri greiningu innan sem utan skólans eftir þörfum.
- Vinnur að skipulagi vegna þjálfunar, stuðnings og sérkennslu innan skólans og endurskoðar eftir þörfum í samvinnu við aðra fagmenn skólans.



Þroskaþjálfí

Þroskaþjálfí Dalvíkurskóla er Arna Stefánsdóttir. Þroskaþjálfí starfar samkvæmt hugmyndafræði þroskaþjálfunar og siðareglum þroskaþjálfna.

Þroskaþjálfí hefur það verkefni að sinna nemendum sem eru með þroskafrávik, fötlun eða önnur sértæk vandamál. Hann sér um skipulagningu og undirbúning þjónustu sem þessir nemendur þarfnast. Starf þroskaþjálfna miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda, félagslega, námslega og í athöfnum daglegs lífs. Starfið tekur mið af einstaklingsnámskrá og hefur það að markmiði að draga smám saman úr þörf nemenda fyrir stuðning í þeim tilvikum þar sem það er hægt. Þroskaþjálfí starfar innan og utan almennra bekkjardeilda allt eftir þörfum nemenda hverju sinni.

Helstu verkefni þroskaþjálfna:

- Gerir einstaklingsáætlun í samráði við umsjónarkennara, sérkennara, foreldra og aðra eftir því sem við á.
- Metur færni einstaklinga
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar – og námsgögn, og fylgir eftir settum markmiðum. Metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila.
- Sér um að allar upplýsingar skili sér til hagsmunaaðila skjólstæðings.
- Tekur þátt í kennara – og starfsmannafundum
- Veitir foreldrum skjólstæðings síns ráðgjöf og leiðbeiningar er lúta að fötlun hans.
- Kemur að skipulagningu á stundaskrá fyrir skjólstæðinga sína
- Sinnir teymisstjórn yfir nemendum sem honum er falið af stoðteymi, skólastjóra

Náms- og starfsráðgjafi

Við Dalvíkurskóla starfar náms- og starfsráðgjafi, Guðný Jóna Þorsteinsdóttir, sem vinnur náið með nemendum bæði einstaklingslega og í hópum. Náms og starfsráðgjafi er í samstarfi við foreldra eftir því sem við á og hefur samráð og samstarf við aðra sérfræðinga innan og/eða utan skólans. Náms- og starfsráðgjafi situr í eineltisteymi, nemendaverndarráði ásamt stoðteymi skólans. Starfs- og námsráðgjafi er með viðveru í skólanum þriðjudaga og miðvikudaga frá 8:00 – 16:00, fimmtudaga frá 10:00 – 16:00 og föstudaga frá 8:00 – 16:00.

Hægt er að leita til náms- og starfsráðgjafa í skólanum með málefni er tengjast námi nemenda eða væntanlegu framhaldsnámi eða starfi. Hann sinnir persónulegri ráðgjöf, námsráðgjöf, námstækni, náms- og starfsfræðslu og býr nemendum undir skólaskipti og frekara nám og starf. Síðast en ekki síst vinnur hann að betri samskiptum og líðan nemenda innan veggja skólans.

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa eru meðal annars að:

- Veita nemendum ráðgjöf um náms- og starfsval og fræða þá um nám, störf og atvinnulíf
- Leiðbeina nemendum um námsvenjur og góð vinnubrögð í námi
- Veita nemendum ráðgjöf í einkamálum þannig að þeir eigi auðveldara með að ná settum markmiðum í námi
- Auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi
- Sinna fyrirbyggjandi starfi, t.d. vörnum gegn vímuefnum, ofbeldi, einelti og bættum samskiptum nemenda í samstarfi við aðra starfsmenn skólans
- Vera stuðningsmaður nemenda vegna erfiðleika eða áfalla
- Veita foreldrum ráð varðandi nám og hegðun barna þeirra



- Hafa samband og samráð við sérfræðinga innan og utan skólans og vísa málum til þeirra eftir aðstæðum
- Vera trúnaðar og talsmaður nemenda vegna mála sem tengjast námi þeirra og skólagöngu

Þar sem náms- og starfsráðgjafi er einungis í hlutastarfi er megináherslan á að vinna með eldri bekkjum grunnskólans. Náms- og starfsráðgjafi er í mikilli samvinnu við alla umsjónarkennara og koma nemendur í 1. – 6. bekk í viðtöl eftir þörfum.

7. bekkur Stefnt er að því að allir nemendur í 7. bekk í grunnskólanum komi a.m.k. einu sinni að vetri til náms- og starfsráðgjafa í persónulega ráðgjöf.
8. bekkur Nemendur 8. bekkjar fá námskeið í námstækni. Persónuleg ráðgjöf eftir þörfum.
9. bekkur Nemendur 9. bekkjar fá persónulega ráðgjöf eftir þörfum.
10. bekkur Allir nemendur fá náms- og starfsfræðslu og fræðslu um námstækni inni í bekk. Stefnt er að því að allir nemendur komi í einstaklingsviðtöl a.m.k. einu sinni og fái að taka áhugasviðspróf.

Sérfræðiþjónusta utan skóla

Talmeinafræðingur kemur í skólann mánaðarlega til að sinna talþjálfun nemenda auk þess sem nemendur sækja slíka þjónustu til Akureyrar. Skólinn hefur leitað til sálfræðinga á Akureyri sem vinna greiningar og taka viðtöl við nemendur. Þeir skila greiningum til foreldra og kennara í skólanum þegar þeim er lokið. Þá nýtur skólinn ráðgjafar og þjónustu frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Barna- og unglingsgeðdeild, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnar-skertra, Heyrnar- og talmeinstöð og fleiri sérhæfðum stofnunum. Skólinn er í samstarfi við félags- og fræðsluvið Dalvíkurbyggðar um ýmsa sér- og stöðþjónustu, s.s. þjónustu sálfræðings og talmeinafræðings.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann lögum samkvæmt. Í nemendaverndarráði eiga sæti fulltrúi félagsþjónustu, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, iðjuþjálfari, fulltrúi sérkennara og fulltrúi stjórnenda sem er jafnframt formaður nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð fjallar um öll þau mál nemenda sem þurfa sérstakrar umfjöllunar við og ekki hægt að leysa innan skólans. Tilvísanir eða beiðnir um aðstoð frá kennurum eða foreldrum eru teknar fyrir á fundunum og málum vísað áfram til sérfræðinga ef þörf þykir. Foreldrar koma óskum sínum til umsjónarkennara og saman skrifa þeir beiðni um umfjöllun til nemendaverndarráðs. Kennarar geta lagt mál fyrir nemendaverndarráð og þá sitja þeir fundi ráðsins meðan málið er til umfjöllunar. Mál sem tekin eru fyrir í nemendaverndarráði eru ýmist unnin innan veggja skólans, vísað til félags- eða fræðsluviðs Dalvíkurbyggðar, heilsugæslu eða óskað eftir stöð- og/eða sérfræðiþjónustu, allt eftir því hvar talið er að bestu lausn málsins sé að finna. Ætíð er óskað eftir skriflegu samþykki foreldra áður en mál nemenda eru rædd í nemendaverndarráði.

Skólahjúkrun

Hlutverk skólaheilsugæslu er að fylgjast með heilsu, þroska, líðan og högum barna á grunnskólaaldri og stuðla að líkamlegu, andlegu og félagslegu heilbrigði skólabarna. Heilsugæslunni ber að greina og sinna heilbrigðisvandamálum sem hafa áhrif á velferð og námsgetu barnanna. Einnig að meta þá þætti í umhverfi og aðstæðum barna sem hafa áhrif á heilsu og líðan þeirra. Skólaheilsugæsla miðar að því að efla sjálfsöryggi og lífsgleði barna og



unglinga ásamt því að auka vitund og ábyrgð þeirra á því hvernig þau geta bætt eigið heilbrigði og líðan. Til þess að þetta sé mögulegt þarf að koma til samstarf allra í skólasamfélaginu, þ.e. nemenda, starfsfólks, foreldra og heilsugæslu og eftir þörfum aðila utan skólans.

Foreldrar bera ábyrgð á líðan og heilbrigði barna sinna. Góð samvinna og gott upplýsingaflæði er mikilvægt til að starfsfólk skólaheilsugæslu geti sinnt starfi sínu sem best. Að sjálfsögðu er fyllsta trúnaðar gætt um mál einstakra nemenda. Í tilmælum frá landlækni um lyfjagjafir í grunnskólum frá maí 1999 kemur meðal annars fram að foreldrum ber að afhenda hjúkrunarfræðingum þau lyf sem börn eiga að fá í skólanum og að börn skuli aldrei vera sendiboðar með lyf. Foreldrar þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma eru vinsamlega beðnir að hafa samband við hjúkrunarfræðing skólans til að ákveða hvernig best verður komið til móts við þessi tilmæli. Lára Bettý Harðardóttir skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru tvo daga í viku.

Skólaskoðun heilsugæslu skólaárið 2019 – 2020:

Skimun og bólusetningar

Bekkur	Dagsetning	Tímasetning	Eftirlit og ónæmissaðgerðir
1. bekkur	Fimmtudagur 5. september	9:30-12:00	Hæðar og þyngdarmæling.
	Mánudagur 9. september	8:00-10:15	Sjónmæling og lífstílsviðtöl.
	Mánudagur 16. september	8:00-10:15	
4. bekkur	Mánudagur 11. nóvember	9:30-12:00	Hæðar og þyngdarmæling.
	Fimmtudagur 14. nóvember	9:30-12:00	Sjónmæling og lífstílsviðtöl.
	Mánudagur 18. nóvember	9:30-12:00	
7. bekkur	Fimmtudagur 3. október	9:15-12:00	Hæðar og þyngdarmæling.
	Mánudagur 7. október	8:00-12:00	Sjónmæling og lífstílsviðtöl.
	Fimmtudagur 10. október	8:00-12:00	<u>Bólusetning:</u>
2. sk HPV:	Fimmtudagur 16. apríl	8:00-12:00	1) Mislingar, hettusótt og rauðir hundar (ein sprauta). 2) *1. sk HPV (leghálskrabbamein) hjá stúlkum. *2. sk HPV (leghálskrabbamein) hjá stúlkum.
9. bekkur	Mánudagur 6. janúar	8:00-12:00	Hæðar og þyngdarmæling.
	Fimmtudagur 9. janúar	9:15-12:00	Sjónmæling og lífstílsviðtöl.
	Mánudagur 13. janúar	8:00-12:00	<u>Bólusetning:</u> Barnaveiki, stífkrampi, kíghósti og mænusótt (ein sprauta).



Fræðsla skólahjúkrunarfræðings 2019 – 2020:

Bekkur	Dagsetning	Tímasetning	Þema
1. bekkur	Mánudagur 3. Febrúar	8:30-10:15	Líkaminn minn
	Fimmtudagur 6. Febrúar	9:15-10:15	Líkaminn minn (ef þarf)
	Mánudagur 20. Apríl	8:00-9:00	Slysavarnir
2. bekkur	Fimmtudagur 5. Mars	9:15-10:15	Hamingja/tilfinningar
3. bekkur	Mánudagur 9. Mars	9:15-10:15	Verkefnabók 6H 1/2
	Fimmtudagur 12. Mars	10:35-11:35	Verkefnabók 6H 2/2
4. bekkur	Fimmtudagur 17. Október	10:35-11:35	Kvíðafræðsla
	Fimmtudagur 13. Febrúar	10:35-11:35	Slysavarnir
5. bekkur	Fimmtudagur 21. Nóvember	9:15-10:15	Hamingja/samskipti
6. bekkur	Mánudagur 25. Nóvember	10:35-11:35	Kynþroski - Stelpuhópur
	Fimmtudagur 28. Nóvember	9:15-10:15	Kynþroski - Strákahópur
	Mánudagur 9. Desember	9:15-10:15	Endurlífgun
7. bekkur	Fimmtudagur 12. Desember	10:35-11:35	Endurlífgun
8. bekkur	Mánudagur 17. Febrúar	9:15-10:15	Hugrekki
	Mánudagur 24. Febrúar	10:35-11:35	Líkamsímynd
9. bekkur	Mánudagur 27. Janúar	9:15-10:15	Getnaðarvarnir og kynsjúkdómar1/2
	Fimmtudagur 30. Janúar	10:35-11:35	Getnaðarvarnir og kynsjúkdómar2/2
10. bekkur	Mánudagur 21. Október	9:15-10:15	Geðsjúkdómar 1/2
	Fimmtudagur 24. Október	8:00-9:00	Geðsjúkdómar 2/2
	Mánudagur 2. Desember	9:15-10:15	Endurlífgun
	Fimmtudagur 19. Mars	10:35-11:35	Kynheilbrigði
	Fimmtudagur 26. Mars	9:15-10:15	Ábyrgð á eigin heilsu



Leyfi/veikindi

Í grunnskólalögum stendur: *Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur. Nemendur sem að mati læknis geta ekki sótt skóla vegna slyss eða langvarandi veikinda eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun.*

Foreldrum/forráðamönnum ber að hafa samband við umsjónarkennara barnsins um nám þess meðan á leyfi/veikindum stendur. Æskilegt er að það sé gert með góðum fyrirvara þegar því verður við komið.

Heimsóknir nemenda úr öðrum skólum

Nemendur sem heimsækja Dalvíkurbyggð til skemmri tíma eru öllu jöfnu velkomnir í Dalvíkurskóla. Mikilvægt er að haft sé samband við skólann með góðum fyrirvara þegar heimsókn ber að höndum. Óskum um slíkar heimsóknir skal beint til skólastjórnenda og gerir skólinn þær væntingar til gestanna að þeir hafi öll viðeigandi námsgögn meðferðis. Enn fremur er ætlast til að þeir fari eftir [skólareglum Dalvíkurskóla](#) og áskilur skólinn sér rétt til að senda nemendur heim ef misbrestur verður á því.

Símenntunaráætlun kennara

Skólinn gerir áætlun um símenntun. Tími til símenntunar markast af kjarasamningsbundnum tíma til endurmenntunar kennara, allt að 150 klst. á ári. Skipting þessa tíma getur verið mismunandi milli kennara, skóla og einnig milli ára. Viðfangsefni sem tekin eru fyrir í símenntun geta verið skilgreind sem nauðsynleg fyrir starfsemi skólans eða persónulega fyrir kennarann. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum komandi starfsárs og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Símenntun, sem er hluti af 150 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi milli kennara og stjórnenda. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum símenntunar sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Þeim er skylt að fara á námskeið skv. símenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu. Hver kennari skráir hjá sér sína símenntun og skilar til skólastjórnenda á sérstökum eyðublöðum 1. júní ár hvert.

Áhersluatriði starfsþróunar kennara skólaárið 2019 – 2020

- Áhersla á að efla leiðsagnarmat í Dalvíkurskóla og innleiða hæfnikort nemenda í Mentor.
- Þróun upplýsingatækni í skólastarfi. Þátttaka í menntabúðum og jafningjafræðslu. Skólinn verður m.a. áfram í samstarfi við skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu (Eymennt) sem skipuleggja 4 menntabúðir tengdar upplýsingatækni á skólaárinu.
- Forritun, námskeið í skólabyrjun fyrir kennara og stuðningsfulltrúa
- Erasmus+, samstarfsverkefni 5 skóla í Evrópu.
- Unnið að umhverfisfræðslu og Grænfaánanum



- Uppbyggingarstefnan. Fræðsla og kynning, verkefnastjóri hittir nýtt starfsfólk að hausti og kynnir verkfæri stefnunnar.
- Aga- og hegðunarmál.
- Í kjölfars námskeiðs sem var haustið 2017 sem heitir Samvirkt nám í fjölbreyttum nemendahópi verður unnið með fjölmenningslegar kennsluáðferðir sem höfða til mismunandi hæfni nemenda. Áhersla á að efla nám barna af erlendum uppruna.
- Stærðfræðikennarar á miðstigi taka þátt í samstarfsverkefni með átta skólum þar sem að fjórir eru staðsettir á Akureyri og fjórir í Reykjavík. Það eru HA og HÍ sem halda utan um þetta verkefni. Markmiðið er að styrkja stærðfræðikennslu á miðstigi. Kennsluráðgjafi á fræðsluviði tekur einnig þátt í verkefninu.
- Kennarar í 1. og 2. bekk ásamt verkefnastjóra sérkennslu verða í óformlegu samstarfi við kennara í Oddeyrarskóla og Síðuskóla á Akureyri um þróun vinnubragða í stærðfræðikennslu yngstu barnanna (Zankov).
- Þróun teymisvinnu verður haldið áfram með umræðupunktum frá stjórnendum.
- Unnið áfram með að þróa krakka- og unglingaspjall með nemendum.

Helstu áherslur og markmið í þróunarstarfi Dalvíkurskóla

- Haldið verður áfram með snemmtæka íhlutun í stærðfræði og íslensku
- Skimunarpróf í læsi frá MMS voru tekin í notkun haustið 2016 og niðurstöður þeirra verða nýttar í þágu nemenda.
- Kennsla í forritun, áhersla á kubbaforritun með Sphero og notkun forritunarsíða á neti.
- Erasmus+ verkefninu er ætlað að auka og bæta kennslu í tæknimennt með notkun þrívíddarprentara, vínlskera, vélmenna til að forrita og skapandi verkefna í tæknimennt.
- Að kennarar fylgi betur eftir að nemendur fari eftir þeim bekkjarsáttmála sem gerður er í hverjum bekk samkvæmt Uppbyggingarstefnunni.
- Setja stefnur sem skólinn er að vinna eftir til yfirlestrar og kynningar í teymum.
- Að allir nemendur í 1. – 10. bekk verði með lestrarmiða.
- Að vinna áfram eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. – 4. bekk og Læsi til náms í 4. – 10. bekk og PALS lestrarþjálfunaraðferð í 3. – 6. bekk.
- Að kennarar auki þekkingu sína á upplýsingatækni og tileinki sér nýjungar í kennslu.
- Áhersla á fjölbreytta kennsluhætti í útikennslu og hlutbundinni kennslu þar sem áhersla er lögð á samvinnu kennara.
- Að kennarar tileinki sér og þjálfar fjölbreyttar kennslu – matsleiðir sem henta vel til að koma til móts við fjölbreyttan hóp nemenda, skapa góðan og traustan bekkjaranda.
- Áfram verður unnið með Hugarfrelsi í öllum bekkjum þar sem kenndar eru einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd sína og verða besta útgáfan af sjálfum sér.
- Þemabundið nám og samþætting greina. Sérstök áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað námsmat.
- Umhverfismennt með áherslu á útikennslu, í samræmi við áætlun umhverfisnefndar sem sett hefur fram áætlun um næstu skref í umhverfisfræðslu tengdri Grænfánaverkefninu. Stefnt að því að flagga *Grænfánanum* í fimmta sinn 2020.
- Haldið verður áfram að efla nemendalýðræði. *Námsnefnd* skipuð nemendum unglingastigs og fulltrúum kennara verður skólanum til ráðgjafar og aðhalds um ýmis mál varðandi nám og kennslu.
- Unnið verður markvisst eftir markmiðssetningu námsgreina sem unnin var á síðasta skólaári og samræmt eyðublað kennsluáætlana notað.
- Nemendur fá þjálfun í að setja sér markmið í námi og læri að meta í samráði við kennara og foreldra hvernig tekst að ná settum markmiðum.



Skólamat

Nemendum og starfsfólki er boðið að kaupa hádegismat í Dalvíkurskóla og er það Blágrýti ehf sem mun sjá um matinn. Tilbúnar máltíðir eru samkvæmt Lýðheilsustofnun samsettar samkvæmt nýjustu ráðleggingum um mat og næringu sem er í gildi í landinu hverju sinni. Nemendum er þrískipt í mat í hádegi

Áfallaáætlun Dalvíkurskóla

Í Dalvíkurskóla er starfandi áfallaráð. Í áfallaráði sitja skólastjóri, náms- og starfsráðgjafi og fulltrúi starfsfólks. Hlutverk áfallaráðs er að ákveða hvernig bregðast skuli við þegar upp koma erfið veikindi, slys, dauðsföll eða aðrir verulegir erfiðleikar hjá nemendum, forráðamönnum eða starfsfólki skólans ([sjá áfallaáætlun hér](#)).

Rýmingaráætlun Dalvíkurskóla

Í hverri kennslustofu eru upplýsingar um rýmingu kennsluhúsnæðis, hvar nemendur eiga að fara út og hvert þeir eiga að fara í neyðartilvikum. Brunæfing er haldin í skólanum á hverju skólaári. Nálgast má rýmingaráætlun [hér](#).

Óveður – almannavarnir

Þegar veður gerast vond getur það talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja skóla. Sé skóla ekki aflýst með auglýsingu í útvarpi verður mat foreldra að ráða því hvenær nemendur eru kyrrsettir heima. Tilkynna skal slíkt í skólann eins fljótt og kostur er. **Munið að nemendur eru á ábyrgð foreldra á leið í og úr skóla. Ekki skal láta nemendur vera eina á ferð í vondu veðri.**

Í Dalvíkurskóla er unnið samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

A: Bresti á slæmt veður þegar nemendur eru í skólanum verða þeir kyrrsettir þar til þeir hafa verið sóttir af foreldrum eða samband haft með öðrum hætti. Skólastjóri metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda.

B: Bresti á aftakaveður eða atburðir auglýstir af almannavörnum þegar nemendur eru í skólanum eru þeir kyrrsettir þar. Lögregluvarðstjóri (starfsmaður sýslumanns á Dalvík) metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda.

Farið er eftir leiðbeiningum Almannavarna og nemendur fræddir um rétt viðbrögð við jarðskjálftum og æfðir árlega í að bregðast rétt við ef þeir eru inni í skólastofu ef vart verður við jarðskjálfta „krjúpa - skýla - halda“. Skólinn þarf að vinna viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta og verður það gert á skólaárinu.f